



Áhrifin af verkfalli Eflingar eru orðin sjáanleg víða um höfuðborgina. Ruslafötur í miðborginni eru orðnar yfirfullar og leikskólabörn spóka sig um leikvelli borgarinnar í fylgd með for-eldrum, öfum og ömmum. Samninganefnd Eflingar sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem borginni er boðið til viðræðna á forsendum yfirlýsinga sinna um tilboð sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vatnaskil í #metoo hreyfingu

Mál kvikmyndaframleiðandans Harvey Weinstein markaði upphaf hreyfingar kvenna um allan heim undir merkinu #metoo. Lögmaður sem tók þátt í hreyfingunni hér á landi segir áhrif hennar varanleg.

#METOO Kvikmyndaframleiðandinn Harvey Weinstein var í gær sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn tveimur konum en sýknaður af alvarlegustu ákæruliðunum, þar á meðal tveimur nauðgunarákærum.

Strax og fyrstu fréttir voru fluttar um háttsemi Weinstein fyrir tveimur árum, steig fjöldi kvenna í kvikmyndabransanum vestanhafs fram og lýsti reynslu sinni af samstarfi við hann, gjarnan undir myllumerkinu #metoo. Hreyfingin vatt upp á sig, stækkaði og breiddist út um allan heim.

„Hreyfingin orsakaði viðhorfsbreytingu, sem ég held að verði varan-

leg. Ekki síst hjá konum sjálfum,“ segir Kolbrún Garðarsdóttir lögmaður sem tók sjálf þátt í #metoo hreyfingunni og hratt af stað hópi á Facebook fyrir konur í refsivörslukerfinu.

„Hreyfingin hefur skilað því að fleiri konur fara af stað en áður. Fleiri koma í Bjarkarhlíð, leita til lögreglu og til lögmanna. Þær leita frekar ráða, í stað þess að ýta reynslunni frá sér. Þær segja frá, spyrja ráða og fá álit, til dæmis um hvort þær eigi að kæra til lögreglu,“ segir Kolbrún.

Konur hafi farið að setja mörk um framkomu í sinn garð og hikuðu síður við að leita. „Það varð bylgja eftir að hreyfingin fór af stað. Við

Það varð bylgja eftir að hreyfingin fór af stað, við fundum fyrir henni sem störfum í réttarkerfinu.

Kolbrún Garðarsdóttir, lögmaður

fundum fyrir henni sem störfum í réttarkerfinu.“

Kolbrún segir það ekki hafa komið sér á óvart að Weinstein hafi verið sýknaður af alvarlegustu ákæruliðunum. „Sönnunarbyrðin er svo rík í þessum málum og ákærði nýtur alltaf vafans ef það skortir á sönnun,“ segir Kolbrún og bætir við: „Og þannig verður það að vera.“

Weinstein á yfir höfði sér að lágmarki fimm ára fangelsi fyrir brotin sem hann var sakfelldur fyrir. Refsing hans verður ákveðin 11. mars næstkomandi.

Weinstein hefur lýst því yfir að hann muni áfrýja málinu. – að

Ráða fólki frá ferðum til héraða á Ítalíu

HEILBRIGÐISMÁL Embætti landlæknis ræður fólki frá ónaúðsynlegum ferðalögum til héraðanna Lombardía, Venetó, Emília Rómanja og Piemonte á Ítalíu að svo stöddu. Þetta kemur fram í stöðuskýrslu vegna COVID-19 veirunnar.

Þá eru ferðalangar sem koma frá þessum héruðum hvattir til að vera í 14 daga sóttkvi. Verða ráðleggingar Landlæknis uppfærðar eftir því sem mál skýrast en fleiri lönd, flest í Asíu, hafa tilkynnt um aukinn fjölda tilfella og mögulegt samfélagssmit.

Á Ítalíu höfðu í gær greinst 129 smit og tvö dauðsföll. Alls höfðu í heiminum greinst rúmlega 79 þúsund smit og 2.620 einstaklingar látist. Á Íslandi hafa nú 33 sýni verið greind en ekkert reynst jákvætt. – að



Atvinnubílar


Nýja T6.1 línan er mætt!
Komdu og skoðaðu úrvalið

www.hekla.is/volkswagensalur



HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000

Veður



Gengur í norðaustan 13-18 en hægari sunnanlands fram eftir degi. Snjócoma með köflum, en léttir til um um landið sunnanvert. Frost 0 til 8 stig. **SJÁ SÍÐU 14**

Vinna við að greina skýrslu hefst fljótlega

STJÓRNSÝSLA Embætti borgarlögmanns ráðgerir að hefja fljótlega vinnu við lögfræðilega greiningu á skýrslu Borgarskjalasafns Reykjavíkur um niðurstöður frumkvæðisathugunar stofnunarinnar á skjalavörslu í tengslum við framkvæmdir við Nauthólsveg 100, svokallaðan Bragga. Þetta kemur fram í svari Ebbu Schram borgarlögmanns við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í svarinu kemur fram að eðli málsins samkvæmt sé ekki unnt að lýsa því yfir á þessari stundu hvað sú greining kann að leiða í ljós. Að gefnu tilefni sé þó bent á að embættið hafi ekki áður fengið fyrirnefnda skýrslu til meðferðar.



Ebba Schram, borgarlögmaður.

Borgarskjalasafn hóf frumkvæðisathugun á skjalavörslu verkefnisins í kjölfar úttektar Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar í lok árs 2019 sem leiddi í ljós að nánast engin skjöl höfðu fundist um verkefnið. Niðurstaða athugunar var afgerandi á þá leið að lög um skjalavörslu hefðu verið brotin. Viðurlög við slíku athæfi er allt að þriggja ára fangelsi.

Á borgarstjórnarfundi í síðustu viku var samþykkt tillaga Sjálfstæðisflokksins um að borgarlögmanni yrði falið að leggja lögfræðilegt mat á skýrsluna. Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, og Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, vildu að málinu yrði vísað beint til héraðsáskóknara til rannsóknar. Hefur Kolbrún látið þá skoðun sína í ljós að borgarlögmaður sé fullkomlega vanhæfur til að rannsaka málið vegna innri tengsla í Ráðhúsinu. – bp

Saltkjöt og baunir



Sprengidagur er í dag en þá belgir landinn sig út af saltkjöti og baunasúpu. Jón Sigurðsson reyndi að koma heitinu hvíti týsdagur inn í málið í Íslandsalmanaki 1863 en það festist ekki í sessi. Daginn ber upp á þriðjudag í föstuinnangi fyrir lönguföstu og var síðasta tækifærið til kjötneyslu fyrir föstuna. Þessi herramaður var að velja sér bita í Kjöthöllinni þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ræddu stöðu mannréttinda í Sádi-Arabíu

UTANRÍKISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skoraði á Faisal Bin Farhan Al Saud, starfsbróður sinn frá Sádi-Arabíu, að láta tafarlaust úr fangelsi baráttufólk fyrir mannréttindum.

Ráðherrarnir funduðu í Genf í gær en þar fer fram 43. lota mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. „Ísland leiddi gagnrýni 36 ríkja á sáðiarabísk stjórnvöld fyrir um ári síðan, sem vakti athygli víða um heim. Mér fannst mikilvægt að fá tækifæri til að halda þeim sjónarmiðum á lofti með beinum hætti enda er mikilvægt að geta rætt málin jafnvel þótt mikið beri á milli,“ var haft eftir Guðlaugi Þór að fundi loknum.

Þá sagðist Guðlaugur Þór hafa hvatt til þess að úrbótum á stöðu kvenna í Sádi-Arabíu yrði haldið áfram. – sar

Rannsakar geðveika í Reykjavík frá fyrri tíð

Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur hefur rannsakað frásagnir af geðveiku fólki frá fyrri tíð. Hann segir misjafnt hvernig fólki var tekið en að Ísland hafi verið 100 árum á eftir nágrannaþjóðunum þegar kom að aðbúnaði geðveikra.

SAGA Dr. Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur flutti í gær erindi í Borgarbókasafninu um geðveikt fólk í Reykjavík á árum áður. Hann hefur rannsakað efnið um nokkurt skeið og skrifað greinar. Ræddi hann bæði frásagnir af fólkinu sjálfu, hvernig samfélagið tók því og hugmyndir lækna um umbætur.

Ásdís Daðadóttir nefnir Sigurgeir sem eitt besta dæmið um Reykjavík sem glímdi alla tíð við geðveiki. Hún var fædd árið 1831 og dó laust eftir aldamótin 1900. Ásdís var á framfæri Fátækranefndar bæjarins, glímdi við peningaleysi og matarskort alla ævina og veikindin sjálf hrjáðu hana mjög. „Ásdís læknaðist aldrei af sinni veiki en hún átti sér draum um að komast út á land. Henni leið betur þar en í Reykjavík,“ segir Sigurgeir. „Því miður þá áskotnaðist henni það ekki.“

Ásdís fékk ekki eiginlega lækningu hjálpa en um tíma bjó hún með ungri einstæðri konu, Rannveigu, og ungu barni hennar. „Það er áhugavert að sjá að þær gátu stutt hvor aðra og það jákvæða í öllum þessum erfiðleikum,“ segir Sigurgeir.

Geðveiki og geðkvillar eru margskonar og misalvarlegir. „Þegar ég rannsaka fólk sem talið var geðveikt á 19. öld, þá er það ekki samkvæmt okkar vitund og ekki lækisfræðilega sannað,“ segir Sigurgeir. Sumt fólk gæti einfaldlega verið sérlandað en ekki veikt. „Þessar frásagnir eru þó oft af veikasta fólkinu, ekki þeim sem eru með minna áberandi sjúkdóma eins og þunglyndi eða kvíðaraskanir sem hefði tæpast verið talið geðveikt á þessum tíma. Frekar fólk sem sýndi ýktari hegðun, fólk sem ekki var hægt að ná sambandi við og var óvirkt.“ En á þessum tíma skipti



Sigurgeir hefur rannsakað geðveika um nokkurt skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensku hrepps-lögin gáfu færi á því að geðveikir voru boðnir upp líkt og aðrir þurfaingar.

Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur

vinnufærni fólks hvað mestu máli. Sigurgeir segir það mjög mismunandi hvernig samfélagið leit á geðveikt fólk. Til dæmis hvort því var vorkennt, það fyrirlitið, látið afskipt eða annað. „Til eru frásagnir sem benda til samkenndar og mannúðar en líka hörku og fordóma, sem skýrist af vanþekkingu,“ segir hann. „Það skiptir líka máli að íslensku hreppslögin gáfu færi á því að geðveikir voru boðnir upp líkt og aðrir þurfaingar. Sá sem bauð lægst fékk viðkomandi á heimilið og þar var oft minnst atlætið.“ Var þetta það sem kallaðist að fara á hreppinn.

Leiða má líkur að því að einhverjum hafi þótt slæmt að hafa geðveikt fólk á götum Reykjavíkurbæjar. Vitnar Sigurgeir í grein Jóns Hjaltalíns landlæknis frá 1863 máli sínu til stuðnings:

„Vitstola menn verða að hröklast hér um strætin, og landlæknirinn verður að horfa á þetta, án þess honum sé mögulegt, að geta fengið hæli fyrir þá eða aðra ókunnuga menn, sem þurfa bráðrar hjálpar við.“ Segir Sigurgeir þetta benda til pirrings og skeytingarleysis í garð geðveikra.

Hvað úrræði varðar segir Sigurgeir Ísland hafa verið heilli öld á eftir nágrannaþjóðunum. Frekar hafi verið horft til þess að veita fólki skjól og fæði en lækningu eða meðferð, og til að halda fólki frá því að ráfa um götur og sveitir. Þetta hafi til dæmis átt við Kleppspítala þegar hann var opnaður árið 1907.

kristinnhaukur@frettabladid.is

PLUG & PLAY HITAVEITUSKELJAR

- Tilbúin til notkunar
- Tengja 2 rör
- Eyðir minna vatni



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKI 1
SÍMI 7772000

JUNE

FRÁ PRIMAVERA



Verð frá 136.600 kr.
2gja sæta stór


Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá **Vogue fyrir heimilið**
June er fánlegur í fjölmörgum útgáfum og mismunandi áklæðum

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Saltkjöt og baunir - túkall!

Í dag, sprengidag, færðu
ekta saltkjöt og baunir
fyrir gamlan túkall
- eða 695 krónur!



Rétturinn er aðeins
í boði í dag frá kl. 11:00-20:30



695,-

(eða gamlan túkall)

Ókeypis ábót
á baunasúpuna



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is





RMI
OFNASMIÐJAN

Verzlunarlausnir

2017
2019
Framfarisskilyrði

Rými Ofnasmiðjan | Gylfahöf 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is



LS
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

**Verðtryggð skuldabréf
Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
LSS040440 GB**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu dagsetta 14. febrúar 2020 vegna tóku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Reykjavík, 24. febrúar 2020.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**



Jafnréttissjóður Íslands
Umsóknarfrestur til **3. apríl**

Rannís auglýsir eftir umsóknum í Jafnréttissjóð Íslands

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður 2015 í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli íslenskra kvenna. Tilgangur sjóðsins er að fjármagna verkefni og rannsóknir sem auka jafnrétti kynjanna í samræmi við þingsályktanir um sjóðinn.

Jafnréttissjóður Íslands nýtur framlaga af fjárlögum í fimm ár, 100 milljónir króna á ári, frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2020. Úthlutað er úr sjóðnum 19. júní ár hvert.

Umsóknarfrestur rennur út 3. apríl 2020 kl. 16.00.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við umsóknum á öðru formi.

Nánari upplýsingar og reglur um sjóðinn er að finna á www.rannis.is



JAFNRÉTTISSJÓÐUR
ÍSLANDS



rannís
www.rannis.is



Sr. Kristján Björnson, Björg Þórhallsdóttir söngkona og Hilmar Örn Agnarsson organisti um jöl við Þingvallakirkju.

Synjað um styrk fyrir messur á Þingvöllum

Helgihald á stórhátíðum í Þingvallakirkju er í óvissu því kirkjuráð hafnaði ósk um styrk til að kaupa þjónustu organista og söngvara. Skálholtsbiskup kveðst undrandi. Íhugar að leita í aðra vasa, jafnvel sína eigin, eftir fjármagni.

TRÚFÉLÖG „Ég er mjög hissa á afgreiðslu kirkjuráðs á þessu afmælisári Þjóðgarðsins þegar ég vildi heldur leggja meira í helgihald en draga úr;“ segir Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti.

Kristján óskaði eftir því kirkjuráð fyrir hönd Þingvallasóknar að fá framlag úr Jöfnunarsjóði sókna til helgihalds í Þingvallakirkju. Ráðið hafnaði því að veita styrk fyrir þetta ár en samþykkti að taka styrkumsóknina til umfjöllunar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna næsta árs.

„Þetta hefur reyndar verið styrkur á hverju ári en fellur greinilega niður miðað við afgreiðslu kirkjuráðs núna í fyrsta sinn í mörg ár;“ segir Kristján. Aðspurður segir hann að styrkurinn sem þurfi sé á bilinu 400 til 500 þúsund krónur til að greiða fyrir organista og forsöngvara í messum um jöl, páska og áramót. Þingvallasókn sé mjög fámenn og sóknargjöld þar standi ekki undir slíkum útgjöldum.

Það þarf tónlistarfólk til að gera svona stund helga og lyfta henni með hátíðarsöngvum.

Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti

„Þeir sem koma í þessar hátíðarguðsþjónustur eru miklu fleiri. Eins og núna á jólum og áramótum þá var meirihlutinn fólk sem kom annars staðar að;“ segir Kristján og undirstrikar að Þingvellir séu þjóðarhelgidómur sem honum finnst hann hafa sérstökum skyldum að gegna við sem vígslubiskup í Skálholti. „Hún hefur þessa sérstöðu Þingvallakirkja að vera kirkja allrar þjóðarinnar á þessum helga stað.“

Stefnan er að sögn Kristjáns að vera með hátíðarguðsþjónustu á jóladag, nýársdag og páskadag auk sérstakrar helgistundar við sólarupprás á páskadag.

„Það þarf tónlistarfólk til að gera svona stund helga og lyfta henni með hátíðarsöngvum;“ segir Kristján sem einnig vill geta boðið til messu í Þingvallakirkju næsta sumar. „Kannski ekki alltaf með organista og tónlistarfólki en að hafa helgihald alltaf klukkan tvö á sunnudögum. Við viljum leggja svoltið í helgihaldið í sumar þegar þjóðgarðurinn verður niútiú ára;“ segir Kristján sem kveðst ekki vita hvernig málinu lyktar.

„Ég ætla að sjá í samráði við sóknarnefndina hvort að þau hafi eitthvað af fyrri styrk frá síðasta ári og svo reyni ég kannski að kria út eitthvað einhvers staðar. Það er aldrei að vita nema maður geti farið í aðra vasa, kannski sína eigin;“ segir Skálholtsbiskup. gar@frettabladid.is

Stórsigur Græningja í Hamburg

ÞÝSKALAND Eins og skoðanakannanir gáfu til kynna unnu Græningjar stórsigur í fylkiskosningunum í Hamburg. Hlutu þeir rúm 24 prósent en höfðu 12 áður. Ríkisstjórnarflokkarnir töpuðu báðir fylgi en Sósíaldemókratar eru áfram langstærsti flokkurinn í fylkinu, með 39 prósent. Kristilegir demókratar fengu sína verstu kosningu frá upphafi, 11 prósent, og er nú orðinn þriðji stærsti flokkurinn í Hamburg. Í kjölfar ósigursins hefur verið þrýst á Annegret Kramp-Karrenbauer, formann flokksins, að setja fram nákvæma tíma-setningu um hvenær hún lætur af störfum því að flokksmenn vilja sjá nýja forystu sem fyrst.

Hægri öfgaflokkurinn AFD fékk aðeins rúm fimm prósent og munaði litlu að hann missti alla sína fulltrúa. En kosningarnar voru



Græningjar fögnuðu stórsigrinum ákaft í Hamburg. MYND/GETTY

» Hægri öfgaflokkurinn AFD fékk aðeins rúm fimm prósent og munaði litlu að hann missti alla sína fulltrúa.

haldnar aðeins fjórum dögum eftir mannskæða byssuárás, kynta af kynþáttahatri, í bænum Hanau. Vinstrið fékk níu prósent í kosningunum og Frjálsir demókratar fimm. – khg

SAMTAL UM SJÁVARÚTVEG

I

Hvernig getum við aukið gagnsæi í sjávarútvegi?



Opinn fundur Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um aukið gagnsæi í sjávarútvegi 26. febrúar

Fundurinn markar upphafið að fundaröð samtakanna, *Samtal um sjávarútveg*, en markmið fundanna er að leiða saman fólk úr ólíkum áttum til þess að ræða málefni sjávarútvegsins á breiðum grunni. Frummælendur koma víða að og mun hver

þeirra ræða sína sýn á hvernig bæta megi gagnsæi í sjávarútvegi. Í lok fundar verða pallborðsumræður og tekið við spurningum úr sal. Fundarstjóri er Þórlindur Kjartansson. Fundurinn er öllum opinn og verður einnig sendur beint út á netinu.

FRUMMÆLENDUR



Þórður Snær Júlíusson
ritstjóri Kjarnans



Birna Einarsdóttir
bankastjóri Íslandsbanka



Valmundur Valmundsson
formaður Sjómannasambands Íslands



Gunnþór Ingvason
framkvæmdastjóri
Síldarvinnslunnar
á Neskaupstað

- /// Messinn í Sjóminjasafninu á Granda
- /// Húsið er opnað kl. 8:30, fundartími er 09:00–11:00
- /// Morgunverðarhlaðborð – öll velkomin



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Áskorunin



Sighvatur Armundsson
sighvatur@frettabladid.is

Hversu lengi er hægt að hafa áhrif á fólk með því að endurtaka sífellt sömu skilaboðin? Þessari spurningu veltu þau David Attenborough og Greta Thunberg fyrir sér í spjalli í lok síðasta árs. Þetta er stóra áskorunin í tengslum við loftslagsmálin. Eftir því sem fólk heyrir sama málflutninginn endurtekinn aftur og aftur þeim mun minni verða áhrifin.

Mögulega eru einhverjar slíkar skýringar að baki niðurstöðum Umhverfiskönnunar Gallup 2020 sem kynntar voru nýverið. Tveir af hverjum þremur telur að ástæða hækkunar á hitastigi jarðar sé mengun af mannavöldum en í desember 2018 voru þeir af hverjum fjórum á þeirri skoðun. Þeim sem telja hlýnunina meira vera vegna náttúrulegra breytinga fjölga úr rúmum 14 prósentum í rúm 23 prósent. Þá fjölga þeim mikið sem telja fréttaplutning af alvarleika hlýnunar jarðar almennt ýktan.

Í könnun sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið síðastliðið sumar töldu næstum níu af hverjum tíu að loftslagsbreytingar af mannavöldum væru staðreynd. Einu hóparnir þar sem finna mátti efasemdir um það voru kjósendur Miðflokksins og Flokks fólksins. Skilaboð vísindasamfélagsins hafa lengi verið skýr og allur vafi um orsakir hlýnunar jarðar ætti að vera löngur horfinn. Niðurstöður Umhverfiskönnunarinnar eru áminning um það að við megum ekki sofna á verðinum heldur halda baráttunni áfram.

Það er þó líka jákvæð teikn að finna í þessari viðamiklu könnun. Langflestir flokka sorp, hafa minnkað notkun plasts og einnota umbúða og dregið úr matarsóun. Þá fjölga þeim sem segja hafa dregið úr neyslu og fjölda flugferða. Allt skiptir þetta máli en samt sem áður er helsta ástæða þess að fólk gerir ekki meira sú að því finnst það hafa lítil áhrif. Annað sem fólk nefnir er ónógur stuðningur frá stjórnvöldum. Þar að auki eru um 60 prósent óánægð með viðleitni stjórnvalda til að draga úr gróðurhúsalofttegundum. Þótt ýmislegt hafi áunnist í baráttunni við loftslagsbreytingar getum við öll gert betur og eigum að gera það; stjórnvöld, almenningur og fyrirtæki.


Um daginn var liðið eitt ár frá því að íslensk ungmenni hófu vikuleg loftslagsmótumáli að fyrirmynd Greta Thunberg. Á ársafmælinu var engan bilbug á unga fólkinu að finna heldur ríkt þar baráttuhugur. David Attenborough sagði Greta að það væri ekki hægt að búast við því að sömu skilaboðin aftur og aftur haldi áfram að hafa sömu áhrif. Þess vegna þurfi að finna nýjar leiðir til að segja sömu hlutina og áður. Skilaboðin þurfi bara að vera enn háværari. Þess væri óskandi að þau heyrir nógu hátt til að jafnvel efasemdarfólk um vísindi og loftslagsbreytingar á Íslandi leggi við hlustir.



Eftir því sem fólk heyrir sama málflutninginn endurtekinn aftur og aftur þeim mun minni verða áhrifin.

Halldór

Á TRÚNÓ MEÐ RIO TINTO 2010-2020 (FRÉTTASKÝRING)



Frá degi til dags

Munaður

Stjórn Sorpu ýjar nú sterklega að enn frekari gjaldskrárhækkunum eftir mikla hækkun um áramótin. Reynt er að fegra þetta með sögum um hrun á kinverskum ritismörkuðum. Ástæðan er vitaskuld GAJA verksmiðjan sem á að framleiða metangas sem enginn notar. Á nú líka að hafa fundist enn einn falinn kostnaður sem stjórnin vissi ekkert um. Stjórnin mun vitaskuld ekki taka ábyrgð á þessu frekari en hinu og spurning hvort þurfi að finna annan blóraböggul innan fyrirtækisins. Á meðan verður sífellt dýrara fyrir fólk að henda rusli og skammt í það að sunnudagsbíltúr á grenndarstöð verði munaður þeirra efnameiri. Hinir fátæku verða að éta ruslið, en það er hvort ed er ekki sótt í tunurnar.

Hungursneyð

Alvarlegar fréttir bárust úr Vesturbæ Reykjavíkur í gærmorgun. Rjómbollur hjá Brauð og Co höfðu klárast á aðeins klukkutíma. Örvænting greip um sig og neydarkall sent út. Teymi frá Mataraðstöð Sameinuðu þjóðanna var flogið inn og hófst handa við að greina vandann og kalla eftir vistum. Að lokum kom þungvopnaður sendibíll frá Kópavogi með birgðir fyrir Vesturbæinga en minnstu mátti muna að illa færi því að Hliðamenn reyndu að ræna bílnum. Samkvæmt nýjustu fregnum hefur hungursneyð verið afstýrt í Vesturbænum.
kristinnhaukur@frettabladid.is

Úps, óheppileg niðurstaða



Hanna Katrín Friðriksson
Þingmaður
Viðreisnar

Áhöfuðborgarsvæðinu starfa 19 heilsugæslustöðvar. Á dögunum láku í fjölmiðla fréttir af þjónustukönnun sem Sjúkratryggingar Íslands létu vinna undir lok síðasta árs. Það er merkilegt að niðurstöðurnar hafi ekki verið kynntar strax og þær lágu fyrir, enda sýna þær jákvæðar fréttir varðandi traust til heilsugæslunnar (74% aðspurðra) og ánægju með þjónustuna (79% aðspurðra). Heilbrigðisráðherra hefur nú skellt í grein af minna tilefni.

En það var fleira bitastætt í könnuninni. Fréttir sem sannarlega eru ekki byr í segl þeirrar ríkisvæðingarstefnu sem núverandi ríkisstjórn rekur af fullum þunga. Sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar komu nefnilega betur út en þær ríkisreknu. Um könnunina var því þagað þunna hljóði þar til fjölmiðlar komust í málið. Um 55.000 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu hafa valið sér þjónustu þeirra fjögurra sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva sem þar eru starfandi. Þessi hópur er greinilega ánægður með val sitt og það mætti því ætla að stöðvarnar nyttu velvildar heilbrigðisfyrvalda. En það er ekki svo vel.

Við búum því miður við stjórnvöld sem hafa unnið þannig að málefnum okkar opinberu heilbrigðisþjónustu að allt snýst um rekstrarform einstakra aðila. Þar sem sjálfstætt starfandi aðilar eru óæskilegur hluti kerfisins. Þar sem þjónustan sjálf, nýliðun og meðferð fjármuna er sett skör neðar en slagurinn við þann hluta heilbrigðisstétta sem vill nýta þekkingu sína og krafta í að skapa fjölbreytni og bjóða upp á nýsköpun.

Undanfarin ár hafa allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu verið fjármagnaðar eftir sama kerfi. Það er að segja, í orði en ekki á borði. Staðreyndin er að þær sjálfstætt starfandi bera skarðan hlut frá borði því heilbrigðisfyrvald hafa sýnt töluverða útsjónarsemi í því að veita fjármagn fram hjá kerfinu inn í ríkisreknu stöðvarnar. Svo rammt kveður að þessu að Samkeppnis-eftirlitið beindi tilmælum til úrbóta til heilbrigðisráðherra haustið 2017 sem ekki hefur enn verið brugðist við þrátt fyrir pressu frá heilsugæslustöðvunum fjórum. Þeim er kannski nær að standa sig svona vel.

Ríkisvæðingarstefna ríkisstjórnar VG, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar lætur ekki að sér hæða.



Það mætti því ætla að þessar stöðvar nyttu velvildar heilbrigðisfyrvalda. En það er ekki svo vel.



Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannþjónustu

Verður haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura
31. mars 2020 kl. 17:00

Dagskrá fundarinnar

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.
4. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
7. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
8. Önnur mál.

Fossvogsskóli – sagan endalaus



Valgerður Sigurðardóttir
borgarfulltrúi
Sjálfstæðis-
flokksins í
Reykjavík

Það er átakanlegt að hlusta á sögur foreldra í Fossvogsskóla um veikindi barna sinna. Mörg börn eru alvarlega veik. Þrátt fyrir endurbætur á skólanum upp á um hálfan milljarð króna virðist ekki hafa verið komið í veg fyrir þá myglu sem fannst í skólanum fyrir um ári síðan. Foreldrar eru í ömurlegri stöðu, þeir verða að senda börn sín í skólann þó þau viti að þar geti þau veikst. Lög um grunnskóla eru skýr, þar segir skv. 5. gr. grunnskólalaga: „Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahlálds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólustarfs í sveitarfélaginu.“ Það er því skýrt að öll ábyrgð liggur hjá Reykjavíkurborg.

Foreldrar fá ekki svör

Foreldrar í Fossvogsskóla hafa síðan í haust verið að kalla eftir upplýsingum frá Reykjavíkurborg þegar börn þeirra hófu aftur nám í skólanum og byrjuðu að veikjast. Þau vilja vita hvernig var staðið að úttektum á skólahúsnæðinu þegar Reykjavíkurborg tók aftur við því eftir endurbætur.

Var farið í sömu myglupróf og þegar myglan var mæld í skólanum fyrir ári síðan? Hvernig stendur á því að það er leki í nýju þaki? Var skoðað undir sökkla í heimilisfræðistofu? Þessum og fjölda annarra spurninga hafa foreldrar ekki fengið svör við þrátt fyrir að hafa itrekað óskað eftir því.

Líka kennarar sem veikjast

Það eru ekki bara börn sem eru að veikjast í skólanum heldur einnig kennarar. Þannig að þetta ástand hefur áhrif á alla enda um heilsuspillandi húsnæði að ræða. Maður spyr sig hvort Reykjavíkurborg sé að skapa sér skaðabótaskyldu gagnvart þeim börnum og kennurum sem hafa verið látin vera í þessu heilsuspillandi rými.

Á vefsíðu Reykjavíkurborgar segir um skóla- og frístundaráð: „Gættir þess að leikskólar, grunnskólar, frístunda- og félagsmiðstöðvar og frístundaheimili á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi.“ Kennarar og börn búa ekki að fullnægjandi húsnæði í Fossvogsskóla, foreldrar hafa orðið að berjast fyrir því að húsnæðið sé rannsakað á viðunandi hátt.

Hver er því réttur þeirra sem hafa verið að veikjast? Þegar upp komst um mygluna og færa varð alla nemendur úr skólanum með tilheyrandi raski fyrir börn, starfsfólk og foreldra, hafði það þau áhrif á námsárangur barna og árangur í samræmdum prófum fór fram úr öllum væntingum.

Mygla og heilsufarsleg áhrif

Sú vitneskja að mygla hefur alvarleg áhrif á heilsufar okkar er sem betur fer tekin alvarlega.

Getur verið að hluti af þeim vanda sem er í skólakerfinu og lækkandi einkunnir ásamt fjölgandi greiningum geti verið út af því að húsnæðið sem börnin okkar eru í sé heilsuspillandi? Í það minnsta var árangur barna í Fossvogsskóla eftirtektarverður á samræmdu prófum þegar þau voru ekki lengur



í gamla húsnæðinu þar sem fundist hafði mygla.

Getur verið að mygla eigi stærri þátt í líðan barnanna okkar heldur en við gerum okkur grein fyrir? Það er skýr lagaleg skylda okkar að bregðast við þegar upp koma mál líkt og í Fossvogsskóla og það er óskiljanlegt að foreldrar þurfi að vera í marga mánuði að hrópa á hjálp.

Ég tel ljóst að nú þegar þurfi að grípa til viðeigandi aðgerða.

SIEMENS

Við bjóðum eitt allra flottasta parið.
Ný þvottavél og nýr þurrkari frá Siemens með nýjustu tækni.

Þvottavél, iQ 700

WM 6HXK00DN

Tekur mest 10 kg. Orkuflokkur A+++ .1600 sn./mín. Home Connect-appið: Wi-Fi. i-Dos skömmtunarkerfi. Sjálfvirk kerfi, tromluhreinsun, skýrtur, útifatnaður, hraðkerfi power, hraðkerfi 15 mín., blandaður þvottur. Kerfi fyrir útifatnað. Stöðugleiki vélar mikill. Bylgjulaga tromla fer betur með þvottinn. LED-lýsing inni í tromlu. aquaStop-flæðivörn.

Þurrkari, iQ 700

WT 4HXK09DN

Tekur mest 9 kg. Orkuflokkur A++. Sjálfhrensandi rakapétir. Kerfi meðal annars: Bómull, skýrtur, undirföt, handklæði, uppfriskun á drakt/jakkafötum, blandaður þvottur, útifatnaður, hraðkerfi 40 mín. og tímastíllt kerfi. SmartFinish minnkar krumpur. Home Connect: Wi-Fi. IntelligentDry: Kerfið mælir með viðeigandi þurrkunarkerfi fyrir þvottinn (þvottavél og þurrkari verða að vera tengd HomeConnect).



5 ÁRA *****
ÁBYRGÐ

Nú fylgir fimm ára ábyrgð stórum heimilistækjum frá Siemens hjá Smith & Norland, að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á sminor.is/is/abyrgdarskilmalar.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

LEIÐRÉTTING

Í pistli Guðmundar Steingrímssonar í gær var fjallað um Capacent Gallup. Eftir breytingar í rekstri árið 2015, þegar Capacent og Gallup var skipt upp, heitir fyrirtækið bara Gallup. Guðmundur biður Gallup afsökunar á þessari yfirsjón.

Mjög lítið um drama á ársþingi KSÍ

Ársþing KSÍ var haldið um helgina þar sem samþykkt var að hlutfall kvenna verði 30 prósent í stjórnnum og nefndum innan tveggja ára. Málþing fór fram á föstudag þar sem farið var djúpt í umræðu um hlutina, meðal annars um ársreikning sambandsins sem sýndi 50 milljón króna tap.

FÓTBOLTI Ársþingi KSÍ lauk í Ólafsvík um helgina þar sem helstu tíðindi voru að kynnt var ákvörðun stjórnar sambandsins að gera kröfu um að hlutfall kvenna verði a.m.k. 30 prósent í stjórnnum og nefndum KSÍ innan tveggja ára og dómarráttlögu Skagamanna, um að KSÍ leggi fram og raði dómurum á alla leiki í 2. flokki, var vísað til stjórnar KSÍ. Tillaga Skagamanna um fjölgun liða var sett í starfshóp sem á að skila skýrslu í september. Þá var málþing á föstudag þar sem farið var djúpt ofan í saumana á nokkrum atriðum, meðal annars ársreikningi KSÍ.

„Til þess að styðja við starf vinnuhóps, um heildarendurskoðun kvinnaknattspyrnu, flýta fyrir mikilvægri þróun í jafnréttismálum og vera til fyrirmyndar þarf KSÍ að taka skýr og táknræn skref til að jafna hlut kynjanna í knattspyrnunni á Íslandi,“ segir í fundargerð KSÍ fyrir febrúarmánuð þar sem samþykkt var að fjölga konum í stjórnnum og nefndum um þriðjung.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að fjölgað hafi verið í konum í stjórnnum og nefndum á ársþinginu. „Auðvitað gæti orðið



Guðni Bergsson, formaður KSÍ, og Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, ásamt undirbúningsnefnd Vikings Ólafsvík, þeim Sigrúnu Ólafsdóttur, Ólafi Hlyni Steingrímssyni og Hilmarí Haukssyni. Klara segir að gestrisni heimamanna hafi verið svo mögnuð að eftir hafi verið tekið. MYND/KSÍ

● ● Það var góð umræða á málþinginu og vel mætt á föstudeginum. Þar var farið á dýptina. Þar var umræða um fjármálin sem var mjög góð.

Klara Bjartmarz

einhvern tímann erfitt að fjölga konum vegna skilyrða en það er verk að vinna.

Núna var annar þingforsetinn kona sem ég held að hafi aldrei

gerst. Ég hef ekki farið í sagnfræðilega rannsókn á því en ég held að Krístrún Heimisdóttir hafi verið fyrst. Það fór vel á því enda er hún brautryðjandi á mörgum sviðum. Formaður kjörbrefanefndar var kona á þinginu, við skiptum um í kjörnefnd og kjaranefnd, þar komu inn konur. Við fjölguðum líka konum í dómstólum.“

Klara hefur verið starfandi við knattspyrnuhreyfinguna lengi og farið á mörg þing. Hún segir að gestrisni heimamanna í Ólafsvík, þar sem þingið var haldið, hafi verið með allra besta móti.

Viðurkenningar KSÍ

- Fótbolti.net hlaut Fjölmíðla-viðurkenningu KSÍ
- Ungmennafélag Langnesinga hlaut Grasrótarverðlaun KSÍ
- FH hlaut Dómaverðlaun KSÍ
- Völsungur hlaut Jafnréttis-verðlaun KSÍ
- Karlalið KR og kvennalið Stjórnunnar fengu Háttvísi-verðlaun KSÍ
- Þá var Lúðvík S. Georgssyni færður Heiðurskross KSÍ.

„Það ber fyrst að nefna. Ég fór á mitt fyrsta þing árið 1993 og ég man ekki eftir svona móttökum. Það var góð mæting og þingið gekk vel að öllu leyti.

Það var góð umræða á málþinginu og vel mætt á föstudeginum. Þar var farið á dýptina. Þar var umræða um fjármálin sem var mjög góð. Það fyrirkomulag hefur verið að reynast vel þó það komist ekki allir.“

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið kostaði þingið um átta og hálfa milljón en síðasta ársþing kostaði um tíu milljónir.

benediktboas@frettabladid.is

Saltkjöt og baunir ...

Krónan mælir með!



Krónu saltir framhryggjabitar

2559 kr. kg

Krónu ódýrt saltkjöt

599 kr. kg

Goða saltminna saltkjöt blandað

1498 kr. kg

Ódýrt

KRONAN



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrensl.



FRIDJUDAGUR 25. FEBRÚAR 2020

Heilsa



Erna Héðinsdóttir stendur fyrir áheitasundinu um helgina, en allir sem að því koma þekkjast og tengjast í gegnum sjósund. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Boðsund gegn krabbamönnum

Sjósundkonan Erna Héðinsdóttir efnir til sólarhrings boðsunds á föstudag og laugardag til styrktar Heimi Hilmarssyni og börnum hans. Heimir, sem er einstæður fimm barna faðir, greindist nýlega með fjórða stigs krabbamein. ➔2

Framhald af forsiðu →

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Þremur vikum fyrir síðustu jól lagði Heimir Hilmarsson af stað með fimm ára dóttur sína í leikskólann. Úti var hálka svo Heimi skrikaði fótur og lá bjargarlaus á bílastæðinu þar til dóttir hans skrúfaði niður bílrúðuna og spurði hvers vegna pabbi sinn vildi ekki keyra hana í leikskólann. Þá staulaðist Heimir inn í bíl og keyrði dóttur sína að leikskólanum þar sem hann gat kallað í eina mömmuna sem var að koma með sitt barn og bað hana fyrir dóttur sína í leiðinni.

Í kjölfarið varð Heimir sér úti um hækjur og gekk við þær í þrjár vikur, sem gekk ekki þrautalaust fyrir sig. Þegar elsta dóttir Heimis kom heim frá Danmörku til að vera hjá honum yfir jólin sá hún fljótt að pabbi sinn var lækniþurfi og fór með hann á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi þar sem þau óskuðu eftir að tekin yrði mynd af fæti hans. Á myndinni sást meinvörp efst í lærbeininu og mjaðmarlið og fjögur brot í liðum. Efsti hluti lærlegsins var því eins og egg með brotinni eggjaskurn sem ekki mátti við neinu. Næst var tekin lungnamynd sem sýndi æxli í vinstra lunga sem reyndist vera upptök að krabbameini sem hafði dreift sér í rifbein, herðablað og viðbein.

Þetta var 20. desember. Fjórum dögum fyrir jól. Heimir er einstæður fimm barna faðir og eru yngstu börn hans fimm og sjö ára. Krabbameinið reyndist ekki skurðtækt en á aðfangadag jóla ákváðu læknar að fjarlægja meinvörpið í mjöðm Heimis og setja þar gervilið svo hann gæti gengið. Við tók ellefu daga spítalalega en Heimir fékk leyfi til að fara heim til fjölskyldunnar á aðfangadagskvöld og fór svo í aðgerð á jóladag þar sem meinvörpinu var smúlað út og nýjum mjaðmarlið var komið fyrir. Á gamlársdag fór hann svo heim með nýja mjöðm, tilbúinn að hefja slaginn við „krabbamennina“, eins og litla fimm ára dóttir hans kallar krabbameinið. Börnin óska sér einskis meir en að lækna pabba sinn, eins og fjölskyldan öll sem er í áfalli yfir veikindum Heimis sem hefur alltaf verið hreystin uppmáluð, reykláus og friskur, og ekki drukkið áfengi í 31 ár.

Heimur hljóp sína fyrstu 10 kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu í ágúst í fyrra og hljóp þá með merki Krabbameinsfélagsins þar sem á stóð: „Ég hleyp af því ég get það!“ Þá vissi Heimur ekki að hann væri með fjórða stigs lungnakrabbamein. Hann var að vísu slæmur í



Heimur á glaðri og góðri stundu með fjölskyldu sinni á útskriftardegi Helenu Rósar, elstu dóttur sinnar. Frá vinstri: Benjámín Heimisson (18 ára), Árelía Gunnarsdóttir (systir barna Heimis, 11 ára), Þorbjörg Kristín Þorgrimsdóttir (barnsmóðir Heimis), Helena Rós Heimisdóttir (26 ára), Patrick Arnar Heimisson (7 ára), Heimur Hilmarsson, Emelía Heimisdóttir (23 ára), Elisabeth Mist Heimisdóttir (5 ára) og Gunnar Ragnarsson (bróðir barna Heimis, 13 ára).

mjöðm og búinn að fara nokkrum sinnum til lækni vegna verkja en engar myndir voru teknar og hann aðeins greindur með tognun í mjöðm og með stoðkerfisverki. Hann ákvað því að hrista þetta af sér og hlaupa samt. Fimm dögum seinna hljóp hann aftur 10 kílómetra í Fossvogshlaupinu og dró þá systur sína með sér, en áður hafði hann einungis hlaupið fimm kílómetra vegalengd, líka í ágúst.

Margt smátt gerir eitt stórt
Ofangreind frásögn byggir á nýlegri Facebook-færslu Helenu Rósar Heimisdóttur þar sem hún rakti sögu föður síns sem greindist með fjórða stigs krabbamein í lungum skömmu fyrir jól. Hann hafði þá fundið til í mjöðm síðan um sumarið og hélt að hann hefði kannski tognað en verkurinn hvarf ekki og var hann farinn að ganga örliði haltur.

„Þegar ég las sögu Helenar lagði ég nokkra þúsundkalla inn á reikninginn þeirra því margt smátt gerir eitt stórt. Saga Heimis sat í mér og vitneskjan um að hann

“ Mig langaði að geta gert eitthvað miklu meira fyrir þau. Saga Heimis sat í mér og vitneskjan um að hann væri fimm barna einstæður faðir að takast á við eitt erfiðasta verkefni sem hægt er að leggja á fjölskyldur í þessu lífi.

Erna Héðinsdóttir

væri fimm barna faðir að takast á við eitt erfiðasta verkefni sem hægt er að leggja á fjölskyldur í þessu lífi,” segir sjúksundskonan Erna Héðinsdóttir.

Hún þekkir ekki Heimi í raun en Magnea, systir Heimis, er ein af hennar bestu sjúksundfélögum og þekkt fyrir óstöðvandi lífsgleði og kraft.

„Þetta sama kvöld sendi ég Magneu línu til að sýna hluttekningu og sagðist vona að Heimur hefði sama viðhorf til lífsins og hún. Orð Magneu voru að Heimur væri kletturinn hennar og fyrirmynd, og að hans helsta ástríða væri að skapa góðar minningar fyrir börnin sín,” segir Erna.

Hugsunin um Heimi og börnin hans á erfiðum tímum vék aldrei frá Ernu.

„Mig langaði að geta gert eitthvað miklu meira fyrir þau. Sú löngun gerjaldist með mér og ég nefndi það við sameiginlega vini. Ég gekk með þá hugmynd í maganum að synda boðsund samfleytt í sólarhring og fá með mér fleira fólk úr sjúksundinu en til þess þurftum við sundlaug,” segir Erna sem föstudaginn 15. febrúar tók af skarið til að gera viðburðinn að veruleika.

„Þá var þörfin orðin svo sterk að ég hafði samband við einn sjúksundfélaga okkar sem þekkir vel til í sundlaugum Hafnarfjarðar og spurði hvort hann gæti athugað með sundlaug eða aðstöðu fyrir



Heimur er umvafinn ást fjölskyldunnar sem er nán og stendur þétt saman.

áheitasund. Ég heyrði einnig í Magneu þetta sama kvöld og bað hana um að tala við fjölskylduna; hvort þau væru til í þetta.“

Viðbrögðin voru á einn veg og allir vildu leggja hönd á plóg.

„Á mánuðeginum kom í ljós að við gætum fengið Sundhöll Hafnarfjarðar, fallega, gamla sundhöll með fögru útsýni út á sænn. Ég bjó til Excel-skjal þar sem ég setti niður 48 hálf tíma sundtíma, sendi það á sjúksundshópinn minn og spurði hvort þau vildu vera með. Innan sólarhrings var búið að fylla alla tímuna og komust færri að en vildu. Þarna fór boltinn virkilega að rúlla og okkur langaði að gera aðeins meira úr þessu með öllu því magnaða fólk sem var til í þetta og vildi leggja góðu málefni lið,” segir Erna, full þakklætis.

Áheitasundið fyrir Heimi og fjölskyldu hefst klukkan 18 næstkomandi föstudag, 28. febrúar, og stendur yfir sleitulaust til klukkan 18 á laugardagskvöld. Þá munu minnst sextán einstaklingar skiptast á að synda til stuðnings Heimi og börnum hans í sólarhring.

„Við ætlum líka að blása til hátíðarinnar „Fögnum lífinu“ klukkan 15 til 18 á laugardeginum, eða síðustu þrjár klukkustundirnar af sundinu. Þá bjóðum við til sölu kaffi, gómsætar vöflur og fleira góðgæti, verðum með bauk

fyrir frjáls framlög, skemmtiatriði, töfframanninn John Thomas og listamenn frá Akró Ísland, tónlist og fjör,” segir Erna og vonast til að sjá sem flesta koma í Sundhöll Hafnarfjarðar á meðan á áheitasundinu stendur.

„Það eru allir hjartanlega velkomnir og vonandi koma sem flestir til að skemmta sér með okkur, fagna lífinu og horfa á síðustu kílómetrana af sundinu. Samhliða áheitasundinu verður Kraftur – stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur – einnig í Sundhöllinni og fólk gefst kostur á að perla armbönd til styrktar Krafti, á milli 14 til 18,” upplýsir Erna.


Heimur gengst nú undir lyfjameðferð við krabbameininu og hafa börnin hans jákvæðni, von og hugrekki að leiðarljósi og biðja Guð um styrk og hjálpi í erfiðu verkefni.

Stofnaður hefur verið styrktar-sjóður til að hjálpa Heimi í gegnum komandi tíma og er þeim sem vilja styrkja Heimi og börnin hans bent á:

Kt. 170766-5559
Rkn nr. 0545-14-002499

Nánari upplýsingar um sundviðburðinn má finna á Facebook, undir Safnað fyrir Heimi og börn.

Probi® Family mjólkursýrugerlar og vítamín - fyrir ónæmiskerfið



Stærkt ónæmiskerfi er nauðsynlegt vörnum okkar og til þess að við séum í okkar besta formi dag hvorn.

Probi® Family inniheldur sérvalda samsetningu af einkaleyfavörðum mjólkursýrugerlum. Inniheldur einnig Fólásin, D-vítamín and B-12 vítamín.

Bragðgóðar tuggutöflur fyrir alla fjölskylduna, frá 3 ára aldri.

Notaðir bílar

ÞRIÐJUDAGUR 25. FEBRÚAR 2020

Kynningar: Hekla Smartbílar Krókur



Gott úrval

af nýlegum notuðum bílum



www.bilalif.is



Bilalíf
Bílasala

Bilalíf bílasala, Kletthálsi 2, 110 Reykjavík, Sími 562-1717



Frá förgun bíls á Íslandi. Að jafnaði er um 80 prósent af ökutækjum endurvinnanlegt en meðalaldur fargaðra fólkubíla á Íslandi hefur verið yfir 17 ár síðastliðin fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ísland hvetur ekki til förgunar ökutækja

Töluverðar upphæðir eru borgaðar fyrir förgun ökutækja erlendis ef keypt er vistvænt ökutæki. Slíkt kerfi flýttir fyrir endurnýjun bílaflota og dregur úr kolefnislosun.

Njall Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Víða erlendis tíðkast að borga fyrir förgun ökutækja og það geta verið töluverðar upphæðir. Eru fjárhæðirnar oft háðar því að viðkomandi kaupir nýtt ökutæki sem mengar minna. Hérlendis fær eigandi bíls sem er fargað aðeins 20.000 krónur en hefur þá greitt 1.800 krónur á ári í úrvinnslugjald.

Í Rúmeníu, sem eitt sinn var mjög fátækt land, hefur í tvo áratugi verið hægt að fá styrk til að kaupa nýtt ökutæki ef gamla ökutækið fer í hakkavélina. Þar geta eigendur ökutækja fengið 100.000 króna styrk til kaupa á nýju ökutæki og nú nýverið 87.000 krónur í viðbót ef nýja ökutækið er rafdrifið. Auk þess geta nú eigendur mótörhjóla fengið sama styrk, en það voru rúmensku mótörhjólasmátökin MotoADN sem fengu það í gegn með undirskrifta-söfnun. Loks eru rúmensk yfirvöld að skoða að bjóða samskonar kerfi við förgun gamla raftækja. Samhliða þessu ætla rúmensk stjórnvöld að setja 53 milljónir evra, eða 7,33 milljarða íslenskra króna í að byggja upp net hleðslustöðva um allt landið. Þessar tvöföldu aðgerðir eru taldar vænlegar til

að flýta mjög fyrir orkuskiptum í þessu landi.

Fleiri lönd í Evrópu hafa tekið upp slíkt kerfi eins og Austurríki, Frakkland, Þýskaland, Ítalía og Írland. Í Austurríki og Írlandi er styrkurinn 207.000 krónur fyrir bíl eldri en 13 ára, eða 10 ára á Írlandi. Þýskaland borgar allt að 350.000 krónur ef billinn er eldri en níu ára og á Ítalíu er hægt að fá 207.000 króna styrk fyrir nýjum mengunarlitlum bíl, sem getur hækkað um helming ef billinn gengur fyrir vistvænum orku-gjöfum. Ekkert slíkt kerfi er í gangi á Íslandi en þau eru hugsuð til að flýta fyrir endurnýjun bílaflotans og auðvelda löndunum að ná markmiðum sínum um minnkandi kolefnislosun. Að vísu fá rafmagnsbílar og vetnisbílar niðurfellingu á virðisaukaskatti.

Með elstu bílaflotum Evrópu

Hérlendis hefur förgun fólkubíla aukist með ári hverju og því er ljóst að mikil endurnýjunarþörf er fyrir hendi. Heildarfjöldi fargaðra fólkubíla árið 2019 var 10.789 en það er ekki langt frá því sem bilasala ársins var. Samkvæmt Maríu Jónu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra Bilgreinasambandsins, var að meðaltali 899 fólkubílar fargað á mánuði í fyrra og er þetta þriðja metárið í röð.

Til að stjórnvöld nái markmiðum sínum í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum þarf endurnýjunarhlutfallið að hækka verulega og meðalaldur skráðra bíla að lækka.

María Jóna Magnúsdóttir




„Á sama tíma erum við að sjá að meðalaldur fargaðra fólkubíla er yfir 17 ára síðastliðin fjögur ár og frá árinu 2003 hefur þessi meðalaldur verið að hækka verulega,“ segir María Jóna.


Förgun bíla leiðir af sér hraðari endurnýjun bílaflotans og er mikilvæg til að halda bílaflotanum ungum. Samkvæmt Maríu Jónu er fólkubílafloti Íslendinga tæplega 270 þúsund bílar og er meðal elstu bílaflota í Evrópu.

„Meðalaldur bíla, eins og Samgöngustofa mælir aldur bílaflotans, var 12,4 ár í lok árs 2018. Árið

FRÖGUNG ÖKUTÆKJA Á ÁRUNUM 2003 TIL 2019



FRÖGUNG ÖKUTÆKJA ÁSAMT MEÐALTALI CO₂



2010 var meðalaldur skráðra bíla 10,9 ár og því er bílafloti Íslendinga töluvert eldri og því mikilvægt að aðhafast,“ segir María og bætir við að mikilvægt sé að stjórnvöld styðji og hvetji til förgunar á eldri bílum með þeim hætti sem gert er erlendis.

Bilgreinasambandið hefur komið með þá tillögu að gjald sem greitt er fyrir hvern fargaðan bíl verði hækkað en á sama tíma sé möguleiki fyrir hendi að hengja endurgreiðsluna á inneign á kaup á nýrri bifreið.

„Til að stjórnvöld nái markmiðum sínum í aðgerðaráætlun í

loftslagsmálum, þar sem stefnt er að því að hækka hlutfall rafbíla og annarra vistvænna ökutækja þannig að þeir verði að minnsta kosti um 100.000 árið 2030, ásamt því að minnka losun frá vegasamgöngum um 35 prósent, þarf endurnýjunarhlutfallið að hækka verulega og meðalaldur skráðra bíla að lækka,“ segir María Jóna. Árið 2000 var CO₂ losun nýskráðra fólkubíla um 210g/km og er markmið Evrópusambandsins í dag að ná losun niður í 95g/km, en nýskráðir bílar árið 2019 voru með skráðan meðaltals útblástur 117,06 g/km.

Rétti bílinn á besta verðinu

Smartbílar bjóða viðskiptavinum upp á vandaða raf- og tengiltvinnbíla, bæði notaða og nýja, á sanngjörnu verði.

Alli Clausen, innkaupastjóri Smartbíla, segir samstarf Smartbíla við stóra aðila erlendis gera þeim kleift að bjóða viðskiptavinum sínum bíla á bestu hugsanlegu kjörum. „Við erum að kaupa notaða bíla fyrir okkar kúnna af Manheim, stærsta bílauppbod í heimi, sem er í raun bara fyrir bílasölur og þannig erum við kaupa bílana á mun lægra verði en þeir myndu fást á erlendum bílasölum,“ útskýrir hann.

„Við erum líka með nýja bíla í gegnum verksmiðjupantanir ásamt rétt notuðum sýningarbílum frá heildsölum og bílaumboðum í Evrópu.“ Bílaframleiðendurnir eru ekki af verri endanum. „Þetta eru meðal annarra tegunda: Volvo, BMW, Nissan, Audi, Mitsubishi, Ford, Volkswagen, Jaguar, Kia, Mercedes, Toyota og Hyundai, svo eitthvað sé nefnt.“

Bjóða aukna hagkvæmni í kaupum og rekstri bíla

„Við sérhæfum okkur eingöngu í rafmagns- og tengiltvinnbílum bæði frá Bandaríkjunum og Evrópu og líka frá Skandinavíu. Þetta er einfaldlega framtíðin og þessir bílar eru miklu hagstæðari fyrir fólk til að eiga, bæði þegar það er horft á kostnað bílsins, mánaðar- og árlega, og síðan heildarkostnaðinn yfir þann tíma sem þú átt bílinn, hvað bifreiðagjöld snertir og annað. Svo er auðvitað verulegur bensinsparnaður sem fylgir bílum af þessu tagi.“

„Við sjáum um allt fyrir fólk, hvort sem það er að finna rétta bílinn á besta verðinu, kaupa besta bílinn sem hægt er að fá á uppbóði eða panta bíl sem við erum búin að semja um við heildsala.“

Verðmunurinn getur verið sláandi. „Viðskiptavinir okkar eru oft að spara umtalsverða fjármuni en verðið sem við bjóðum upp á er að meðaltali 1½ milljón króna lægra en bíll myndi seljast á héraðis, bæði nýr og notaður.“

Betri kjör en gengur og gerist


Þetta fyrirkomulag geri það að verkum að viðskiptavinir geti jafnvel í einhverjum tilfellum selt bílinn aftur fyrir sama verð og hann var keyptur á. „Fólk er kannski að kaupa bíla frá okkur, sem það notar í 1-2 ár og selja þá fyrir sama verð og þau keyptu hann á. Þannig að þetta er að mörgu leyti góð fjárfesting eða allavega betri fjárfesting en er almennt í bilum.“

Ástæðurnar eru margs konar. „Þá auðvitað er endanlegt verð á bílnum mun lægra vegna þess að fólk borgar fyrir verð bílsins erlendis ásamt flutningskostnaði en flutningurinn hjá okkur er mun lægri en e einstaklingur myndi flytja inn bíl til landsins. Við höfum flutt inn mörg þúsund bíla sem gerir okkur kleift að halda flutningskostnaði í algjöru lágmarki,“ skýrir Alli frá.


„Það þarf svo að borga vörugjald og virðisaukaskatt. Það er til dæmis vaskur af tengiltvinnbílum yfir ákveðinni upphæð og þá er það auðvitað lægra og sama gildir með rafmagnsbílana, ef þeir fara



Smartbílar bjóða viðskiptavinum upp á alhliða þjónustu við bílakaup þar sem áhersla er lögð á sanngjarnt verð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Það er alltaf nóg að gera á skrifstofunni hjá Alla og félögum.



Smartbílar gera viðskiptavinum kleift að festa kaup á vönduðum rafmagns- og tengiltvinnbílum á lægra verði en gengur og gerist.



Hægt er að skoða úrval bíla á heimasíðu Smartbíla: smartbilar.is

Hvað segja viðskiptavinir Smartbíla?

Þetta er það sem að viðskiptavinir okkar hafa að segja um okkur:

- **Hjálmar:** Þessir snillingar fluttu inn bíl fyrir mig frá USA og það stóðst allt, mæli með þeim, ekki spurning.
- **Sindri:** Strákarnir hjá Smartbílum fundu og fluttu inn fyrir mig topp eintak af Volvo XC90, get hiklaust mælt með þeim.
- **Sævar:** Keypti bíl af þeim, allt stóðst 100%. Billinn frábær og við fengum góð svör við öllu meðan billinn var leiðinni. Takk fyrir mig Alli.
- **Ragnheiður:** Við vorum að fá afhentan bíl í gegnum Smartbíla í gær. Ferlið tók 8 vikur og allt gekk upp. Fengum mjög flottan bíl á frábæru verði, takk fyrir okkur.
- **Steinn:** Ég pantaði Volvo xc90 fyrir nokkrum vikum og fékk hann afhentan fyrir helgi. Allt ferlið var til fyrirmyndar, væntingastjórn góð og allt stóðst sem sagt var! Ég fékk reglulega upplýsingar um stöðu mála með tölvupósti eða símtali. Ég mæli hiklaust með þeim og mun aftur nota þjónustu þeirra. Takk fyrir mig!
- **Anton:** Frábær þjónusta og flott verð hjá þeim hjá Smart-

- bilum, við erum í skýjunum með nýja bílinn, Volvo v60 d6 plug in hybrid.
- **Sigga:** Ég er nýbúin að kaupa mér Nissan Leaf af Smartbílum. Frábær þjónusta hjá Smartbílum, og allt stóðst. Mæli algjörlega með þeim.
- **Albert:** Við hjónin leituðum til Smartbíla í maí sl. vegna góðra meðmæla vina um fyrirtækið þegar kemur að bílannflutningi. Við sjáum ekki eftir þeim viðskiptum. Við erum í dag ánægðir eigendur að einum með öllu, Volvo XC90 T8 Inscription sem Smartbílar fluttu inn fyrir stuttu. Alli tók vel á móti okkur og gaf frábæra þjónustu. Allt stóðst eins og um var samið. Við mælum hiklaust með Smartbílum. Ps! Billinn er geggjáður.
- **Fannar:** Góð samskipti og upplýsingar hjá þeim fellum.
- **Jóhann:** Mæli hiklaust með þessum drengjum! Ekkert vesen og allt upp á 10!
- **Hjalti:** Mjög ánægður með Smartbíla, frábært verð og góð afgreiðsla og samskipti.
- **Sveinn:** Flott þjónusta og allt staðist 100%.
- **Hermann:** Frábær þjónusta hjá strákunum.

yfir ákveðna upphæð þá lækkar kostnaðurinn við innflutning bílsins. Síðan tókum við bara fast gjald fyrir okkar þjónustu.“

Áratugareynsla og fagmennska hjá Smartbílum

Eitt af því sem Smartbílar státa af er viðtæk reynsla starfsfólks. „Það er mikil reynsla hér meðal starfsfólks, sem hefur bæði starfað erlendis og hér heima. Sjálfur byrjaði ég að vinna á erlendum bílasölum árið 1993 og er búinn að vera í bilannflutningi síðan 2015.“

Markmið Smartbíla er skýrt. „Við hjá Smartbílum leggjum okkur fram við að bjóða viðskiptavinum okkar alltaf góða og trausta þjónustu sem miðlar að

„Þetta eru meðal annara tegunda: Volvo, BMW, Nissan, Audi, Mitsubishi, Ford, Volkswagen, Jaguar, Kia, Mercedes, Toyota og Hyundai.“

heilbrigðri samkeppni héraðs. Við búum í landi þar sem verð hafa ekki oft verið sanngjörn og við erum ákveðin í að stuðla að betri kjörum fyrir okkar landsmenn.“

Smartbílar eru á Bildshöfða 20. S. 5460088. Nánar á: smartbilar.is

Sívinsæli hippabílinn

Volkswagen Transporter t1 var til sýnis á evrópsku bílasýningunni í Brussel í janúar í fullum blómaskrúða en bílinn er þekktur sem hippabílinn.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is



Volkswagen Transporter sendibílar eiga sér langa sögu. Fyrsta týpan var frumsýnd árið 1950 og gekk þá undir nafninu Týpa 2 (e. Type 2). Volkswagen bjallan var fyrsti bílinn frá Volkswagen bílaframleiðandanum og þar af leiðandi Týpa 1. Þessir sendibílar hafa gengið undir ýmsum viðurnefnum en hér á Íslandi eru þeir oft kallaðir rúgbrauð. Þar sem bílarnir urðu mjög vinsælir á hippatímabilinu á 7. áratug síðustu aldar eru þeir einnig oft kallaðir hippabílar. Bílarnir voru rúmgóðir og gátu flutt marga farþega í einu milli staða. Bílarnir voru sérstaklega vinsælir meðal ungs fólks því þeir voru þægilegir fyrir hópferðir og

hægt var að búa í þeim. Það var því sérlega hentugt að nota bílana á langferðum eins og til dæmis til að fara á tónlistarhátíðir.

Rúgbrauðin voru í mikilli mót-sögn við hina stóru lágu fólksbílana sem voru normið á þessum tíma og fengu þau því á sig ímynd upp-reisnarseggsins. Þau voru gjarnan máluð í björtum litum og skreytt friðarmerkjum og blómamyndum. Tónlistarmenn eins og Bob Dylan og hljómsveitin Beach Boys hjálpuðu til við að gera hippabílinn að godsögn með því að skreyta plötuumslög með myndum af honum. Margir aðdáendur hljómsveitarinnar the Grateful Dead notuðu bílinn líka þegar þeir eltu sveitina á tónleikaferð sinni. Aftur á móti var það tónlistarhátíðin Woodstock sumarið 1969, þar sem fjöldi skærliðaðra sendibíla fylltu hátíðarsvæðið, sem kom Volkswagen á kortið sem hippabíll.



Volkswagen Transporter T1 blómabíll til sýnis í Brussel í janúar. MYNDIR/GETTY



Bílinn var mjög vinsæll meðal ungs fólks á hippatímnum því hann var rúmgóður og þægilegt að ferðast á honum.

Lægra lántökugjald við kaup á vistvænum bílum

Viðskiptavinir Landsbankans greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Ármann Sigmarsson sölustjóri segir umhverfi notaðra bíla á Íslandi síbreytilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Framboðið af vistvænum notuðum bílum að aukast

Hekla Notaðir bílar flutti fyrir nokkrum árum í glæsilegt húsnæði á Kletthálsi 13. Þar má finna bjartan og hlýlegan 1300 fermetra sýningarsal og útisvæði í kring um húsið sem saman rúmar á annað hundrað bifreiðar. Fjölbreytni vöruúrvalsins hjá Heklu notuðum bílum er mjög mikið.

Síðustu ár hefur Hekla lagt mikla áherslu á umhverfisvænar bifreiðar í öllum notkunarflokkum og hefur það orðið til þess að fjölbreytni vöruúrvalsins hjá Heklu notuðum bílum er mikið og einstakt.

Ármann Sigmarsson sölustjóri segir umhverfi notaðra bíla á Íslandi síbreytilegt. Fjölbreytileiki í orkugjöfum hefur sjaldan verið meiri og allir ættu að geta fundið bifreið sem hentar þeirra þörfum. „Við hjá Heklu höfum lagt áherslu á að bjóða gott úrval vistvænna bifreiða en með vistvænum bifreiðum á ég við bíla sem knúnir eru rafmagnni að hluta eða öllu leyti sem og metanknúnar bifreiðar. Það gleymist oft í umræðu um orkuskipti, græna orku og vistvænar samgöngur að hefðbundnar bensín- og dísilbifreiðar hafa líka þróast heilmikið síðustu ár og teljast mun umhverfisvænni en fyrr á árum. Þetta eru kostir sem margir kjósa frekar enda eru þarfir viðskiptavinum mjög misjafnar.“

Á Kletthálsi 13 er aðstaða fyrir fjölda bifreiða. Þar má einnig finna standsetningu fyrir þríf og smáviðgerðir ásamt fjölda hleðslustöðva fyrir sölubifreiðar. „Við erum með góðan hóp fólks í vinnu, sumt með yfir tuttugu ára reynslu og flest hafa lokið prófi til löggildingar bifreiðasala. Söluráðgjafar okkar kappkosta að finna lausn fyrir alla okkar viðskiptavinum, bæði hvað varðar bifreiðakaup og fjármögnun,“ segir Ármann.

„Á heimasíðu okkar má finna söluskrá ásamt ítarlegum upplýs-



Guðni Eðvarðsson, Sigurvin Dúi Bjarkason, Ottó Geir Haraldsson og Haraldur Ingi Ingimundarson söluráðgjafar.



Á Kletthálsi 13 er aðstaða fyrir fjölda bifreiða bæði í sýningarsal og úti.

ingum, lýsingum og ljósmyndum sem við leggjum mikið upp úr að birtu rétta mynd af sölubifreiðum. Aðeins hluti sölubifreiða er hjá okkur á Kletthálsi 13, en fjöldi bifreiða er staðsettur hjá samstarfsaðilum okkar víða um land og má þar nefna Bílas Akranesi, Höld á Akureyri, Bílasölu Austurlands á Egilsstöðum, Bílasölu Selfoss og Bílakjarnann í Reykjanesbæ.“

Ármann segir að í upphafi þessa árs, líkt og síðustu misseri, merki þau hjá Heklu notuðum bílum mikinn áhuga hjá viðskiptavinum sínum á nýjum og notuðum bifreiðum og á það ekki síst við rafmagns- og tengiltvinnbíl. „Með

Það gleymist oft í umræðu um orkuskipti, græna orku og vistvænar samgöngur að hefðbundnar bensín- og dísilbifreiðar hafa þróast heilmikið og teljast mun umhverfisvænni en fyrr á árum.

Ármann Sigmarsson

fjölgun nýrra vistvænna bíla mun þetta framboð halda áfram að aukast á markaði notaðra bíla. Sala á merkjum Heklu síðustu misseri hefur farið fram úr væntingum okkar og má nefna að mest seldi bíll til einstaklinga á Íslandi er fjórhjóladrifni jeppinn Mitsubishi Outlander en hann er tengiltvinnbíl. Mest seldi rafbíllinn á árinu er hinn óviðjafnanlegi sportjeppi Audi e-tron og fylgir þar fast á eftir Volkswagen e-Golf. Hjá Heklu notuðum bílum má finna nýlega sýningar- og reynsluaksturbíla af framangreindum tegundum sem og bifreiðar með meiri reynslu.“

Hjá Heklu notuðum bílum starfa fjórir sölufulltrúar og opið er alla virka daga milli tíu og fimm og á laugardögum frá tólf til fjögur. Ármann bendir á að þess á milli sé auðvitað hægt að senda tölvupóst eða skilaboð í gegnum heimasíðuna www.hnb.is sem svarað er við fyrsta tækifæri.



Það er að mörgu að hyggja þegar keyptur er notaður bíll og þá margborgar sig að fara ítarlega í gegnum tékklistann hér að neðan til að hafa vaðið fyrir neðan sig og ganga sáttur frá borði.

Þjónustubók

Bílar þurfa reglulega á þjónustu að halda og rétt er að skipta um olíu og olíusíu á 15.000 kílómetra fresti, að lágmarki. Bílum á að fylgja þjónustubók þar sem þetta er skráð og gott er því að bláða aðeins í henni. Þar myndi meðal annars koma fram hvort skipt hafi verið um bremsur eða loftsíu svo eitthvað sé nefnt auk stærra viðhalds.

Eigendasaga

Eigendasaga getur skipt miklu máli. Sumir bílar hafa gengið á milli og verið í eigu fjölda eigenda. Líklegra er að billinn hafi fengið rétt viðhald ef eigendur eru fáir. Margir notaðir bílar hafa aðeins verið í eigu bílaleiga og venjulega er viðhald á bílum þar gott, þótt sum fyrirtæki séu betri enn önnur.

Ábyrgð

Rétt er að skoða hvort billinn sé enn í ábyrgð eða ekki. Misjafnt er hversu lengi ábyrgð nær milli umboða og hvað hún nær yfir. Sum umboð bjóða fimm til sjö ára ábyrgð á meðan önnur bjóða aðeins þriggja ára ábyrgð, og notaður bíll sem er enn í ábyrgð er alltaf betri kostur en sá sem er það ekki.

10 atriði til að hafa í huga við kaup á notuðum bíl

Akstur/BGS

Kílómetrastaða bíls skiptir vissulega máli og gott getur verið að fara inn á heimasíðu Bilgreina-sambandsins og skoða hversu mikils virði billinn er miðað við akstur. Þar er hægt að setja inn ýmislegar upplýsingar um bílinn til að fá verðmat hans. Bíll sem fengið hefur gott viðhald getur enn verið í góðu lagi þótt hann sé mikið keyrður og stundum hægt að gera góð kaup í slíkum bíl.

Dekkjabúnaður

Rétt er að skoða ástand dekkja og hvort þau séu í lagi því mikill kostnaður er falinn í endurnýjun dekkja. Skipt getur máli hvort billinn sé bodinn með aukagangi af vetrardekkjum svo ekki sé talað

Ertu að hugsa um að fá þér notaðan bíl? Gakktu þá fyrst úr skugga um tíu mikilvæg atriði sem tryggja þér enn betri og traustari bílakaup.

Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



um hvort þau séu á felgum og borgar sig alltaf að spyrja að því.

Lakk og ryð

Ávallt skal skoða hvernig ástand er á lakki. Bíll sem er alltaf þveginn með bursta fær finar rispúr í lakkið sem gerir það mattara. Talsvert er um steinkast á Íslandi, jafnvel á götum höfuðborgarinnar og því er rétt að skoða hvort kvarnast hefur úr lakki. Skoða þarf hvort ryð sé farið að myndast í stálhlutum og sumir bílar eru viðkvæmir fyrir ryði í grind.

Aukabúnaður

Vel búinn bíll getur verið verðmætari en sams konar bíll sem er ekki eins vel búinn. Eins getur búnaður sem settur er eftir á skipt

máli eins og til dæmis dráttarbeisli. Þótt erfitt geti verið að verðmeta slíkt er vel búinn bíll alltaf sölulegri.

Er billinn bilanagjarn?

Skoða má hversu mikið bílar bila almennt með því að gúggla tegund bílsins með orði eins og „repair“ eða „maintenance“ og sjá hvort komi upp reynslusögur um bilanir. Eins getur borgað sig að skoða hvort innkallanir séu skráðar á viðkomandi tegund en það má gera með því að gúggla tegund með orðinu „recall.“

Innrétting

Umgengni lýsir innri manni. Hvernig billinn lítur út að innan segir mikið um hvernig fyrri eigandi umgengst bílinn. Illa þrifinn bíll með rifin sæti er ekki góður kostur til dæmis. Hundaeigendur eru margir og hugsa mismunandi vel um umgengni hundanna við bílinn og því rétt að skoða ástand aftursætis og farangursrýmis líka.

Söluskoðun

Ef kaupandi notaðs bíls treystir sér ekki til að skoða vel ofantalda hluti getur borgað sig að fara með bílinn í söluskoðun til skoðunarfyrirtækja. Þar er boðið upp á yfirgrípsmikla skoðun á ástandi bílsins. Einnig er hægt að fá ástandsskoðun hjá þjónustuverkstæðum.



Bílalán með 5,95% vöxtum

Lægstu vextir sem við bjóðum í bílafjármögnun eru 5,95% miðað við 50% veðhlutfall eða minna.

arionbanki.is



Kíktu við og skoðaðu úrvalið hjá okkur!



BMW i3 range extender comfort.
Árgerð 2016, ekinn 56 þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.490.000. Rnr.130457.



NISSAN X-trail acenta plus.
Árgerð 2018, ekinn 64 þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.690.000. Rnr.130509.



NISSAN Qashqai.
Árgerð 2014, ekinn 76 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð 2.390.000. Rnr.130262.



LAND ROVER Discovery 5 hse.
Árgerð 2019, ekinn 12 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.
Verð 13.280.000. Rnr.121125.



KIA Picanto ex.
Árgerð 2005, ekinn 133 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
Verð 290.000. Rnr.252553.



RENAULT Clio.
Árgerð 2017, ekinn 50 þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.390.000. Rnr.130422.



SUZUKI Swift.
Árgerð 2013, ekinn 62 þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 890.000. Rnr.252543.




SUZUKI Baleno.
Árgerð 2018, ekinn 30 þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.590.000. Rnr.130455.



PORSCHE Cayenne diesel.
Árgerð 2012, ekinn 104 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.
Verð 4.990.000. Rnr.130267.



RENAULT Megane.
Árgerð 2017, ekinn 76 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð 2.250.000. Rnr.120047.




POLARIS 800 rush.
Árgerð 2012, ekinn 1 þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.090.000. Rnr.252636.




SUZUKI Vt 800k6.
Árgerð 2006, ekinn 12 þ.MÍLUR, bensín, 5 gírar.
Verð 590.000. Rnr.252250.



HONDA Nc700xa.
Árgerð 2012, ekinn 6 þ.KM, bensín, beinskíptur.
Verð 699.000. Rnr.130029.




POLARIS 800 pro rmk 155.
Árgerð 2018, ekinn 1600 KM, bensín, .
Verð 1.790.000. Rnr.130485.




CFMOTO Zforce800ex.
Árgerð 2016, ekinn 8 þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.290.000. Rnr.252443.



DETHLEFFS 460 le.
Árgerð 2020, . **Verð 3.400.000.** Rnr.252649.



HOBBY 495 ul excellent.
Árgerð 2020, ekinn -1 þ.KM, ??, .
Verð 4.290.000. Rnr.130566.



HOBBY 540 uff excellent.
Árgerð 2020, ekinn -1 þ.KM, ??, .
Verð 4.590.000. Rnr.130567.



Gísli segir að Krókur hafi boðið upp bíla síðan árið 2007 og það verði sífellt stærri þáttur í starfsemi, en Krókur er eina fyrirtækið hér á landi sem býður upp á uppboðsvef fyrir bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI



Krókur rekur þjónustumiðstöð að Vesturhrauni 5 í Garðabæ og þangað er hægt að koma til að skoða og reynsluaka bílum sem eru í boði á uppboðsvefnum. Krókur hvetur fólk til að nýta sér þennan möguleika.



Hjá Króki er hægt að gera góð kaup á öllum stærðum og gerðum ökutækja í alls kyns ásigkomulagi. Þar er líka oft fljótlega og auðveldara að selja bíla en á hefðbundnum bílasölum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

Uppboðsvefur með alls konar bíla

Krókur rekur uppboðsvefinn bilauppbod.is, þar sem hægt að er að selja og kaupa bíla í ýmiss konar ástandi á hagkvæman og þægilegan hátt. Á vefnum er mikið framboð og bílarnir seljast hratt.

Þjónustufyrirtækið Krókur sérhæfir sig í flutningi og björgun ökutækja en rekur auk þess uppboðsvefinn bilauppbod.is, þar sem hægt er að kaupa og selja bíla á sérlega auðveldan, hagkvæman og fljótlegan hátt. Starfsfólk Króks býr yfir langri og góðri reynslu og hefur ánægju af því að aðstoða fólk.

„Við vinnum mikið fyrir bílaumbod og bæði innlend og erlend tryggingarfélag, en erum líka mikið á almennum markaði,“ segir Gísli Jónsson, framkvæmdastjóri Króks. „Við flytjum bíla og vinnuvélar, meðal annars eftir umferðaróhöpp, og við geymum tjónabíla og bjóðum þá upp á vefnum bilauppbod.is ásamt öðrum bílum, en við bjóðum líka upp bíla fyrir kaupleigufyrirtæki, Ríkiskaup og einstaklinga.

Við seljum líka svolitíð af lausafjarmunum fyrir aðra, til dæmis úr protabúum, eins og alls kyns verkfæri, vörulagera eða annað þess háttar,“ segir Gísli. „Síðast en ekki síst sennum við tjónaskoðunum á bílum fyrir tryggingarfélögin og ástandsskoðun og verðmetum bíla.“

Skilvirk og fljótleg bílasala

Bílauppboð Króks er þjónusta þar sem bílauppboð tjónabíla og annarra bifreiða er ávallt í gangi.

„Við höfum verið að bjóða upp bíla síðan árið 2007 og það hefur gengið mjög vel og er sífellt að verða stærri þáttur í starfsemi okkar,“ segir Gísli. „Krókur er eina fyrirtækið sem býður upp á uppboðsvef fyrir bíla hér á landi og vefurinn okkar er mjög öflugur. Þar er mikið framboð og velta, en við fáum 30-40 þúsund heimsóknir á vefinn á viku. Það er alltaf eitthvað í gangi, nýir bílar koma



Starfsfólk Króks býr yfir langri og góðri reynslu og hefur ánægju af því að aðstoða fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

stöðugt inn og eru svo seldir um viku eftir að þeir fara á uppboð.

Þarna er hægt að gera góð kaup í öllum stærðum og gerðum ökutækja. Við seljum bæði tjónabíla, bíla sem þurfa smávægilegar lagfæringar og bíla sem eru í góðu lagi,“ segir Gísli. „Þetta er náttúrulega draumur fyrir þá sem hafa gaman af því að gera upp bíla og við erum með mjög marga fasta viðskiptavinum sem kaupa marga bíla á ári.

Við verðum mikið varir við að fólk komi hingað eftir að hafa

reynt að selja bíl á bílasölu, því þegar þú kemur hingað færðu að vita það á 5-7 dögum hvað þú getur fengið fyrir bílinn þinn í peningum,“ segir Gísli. „Oft kemur fólk með bíla sem hafa staðið á bílasölum vikum eða mánuðum saman og kannski bara fengið boð um skipti, en hér er allt selt staðgreitt, og að uppboði loknu hefurðu í hendi hvað þú getur fengið fyrir bílinn í peningum. Þetta er mjög skilvirkt og það eru margir mjög ánægðir með þetta. Áhugasamir kaupendur geta

komið til okkar og skoðað og fengið að reynsluaka bílunum og við leggjum mikla áherslu á að fólk nýti sér þetta, því í flestöllum tilfellum vitum við ekkert meira um bílana en það sem seljandinn sagði okkur,“ segir Gísli. „Það eina sem þarf svo til að taka þátt í uppboðinu á vefnum okkar er að skrá sig inn með íslensku kennitölu. Öll tilboð eru bindandi, þannig að við hvetjum fólk til að skoða þau mjög vel. Við erum svo alltaf að vinna í að bæta vefinn okkar og þjónustuna þar.“

“Oft kemur fólk með bíla sem hafa staðið á bílasölum vikum eða mánuðum saman og kannski bara fengið boð um skipti, en hér er allt selt staðgreitt, þannig að uppboði loknu hefurðu í hendi hvað þú getur fengið fyrir bílinn í peningum.”

Afsláttur af flutningi í boði

„Krókur býður upp á afslátt af flutningi á bílum sem við seljum, en þeir eru í alls konar ástandi,“ segir Gísli. „Krókur hefur yfir að ráða öflugum bíla- og tækjakosti til flutninga á bílum af öllum stærðum og gerðum. Við tökum líka að okkur flutning á ökutækjum sem lent hafa í óhöppum á höfuðborgarsvæðinu fyrir tryggingafélag, einstaklinga og fyrirtæki. Þjónustan er í boði allan sólarhringinn, allt árið um kring og við leggjum mikinn metnað í stuttan viðbragðstíma.“

Krókur rekur þjónustumiðstöð að Vesturhrauni 5 í Garðabæ. Þjónusta Króks er aðgengileg allan sólarhringinn alla daga ársins í gegnum síma 522-4600. Afgreiðslutími bifreiðageymslu og bílauppboðs er frá kl. 8:30-17:00 alla virka daga.

Bílar & Farartæki

Farartæki



ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Þjónusta

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Snjómokstur

VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplógar frá Pronar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir góðan styrk og endingu. Fjöldi stærða í boði. Dæmi: 3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk Festing frá 47.000 kr. + vsk



Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Tökum að okkur alla málningavinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningaráþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningaráþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilla fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is


Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gullas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

Faglærður Húsnæðingur/einryki með mikla reynslu óskar eftir vinnu. S:782-0040

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is


SAFT

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

LOFTVIFTUR

Dreifðu varmanum betur



LOFTRÆSTING



HLJÓÐLÁTIR BLÁSARAR



ÞAKBLÁSARAR



LOFTSÍUR



GÁMAPURRKARINN



HITAVIR



ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

Íshúsið viftur.is

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Þjónusta



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | Sími 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is



Tilkynningar

SKIPULAGSLÝSING

Hraun-vestur, reitur ÍB2. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013–2025.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 31.01.2020 var eftirfarandi bókun gerð: *Lögð fram ný skipulagslýsing dags. 29.1.2020 vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin nær til 10 ha. reits í Hraunum-vestur sem afmarkast af Flatahrauni, Hjallahrauni, Reykjavíkurvegi og athafnasvæði AT1 að vestanverðu. Landnotkun reitsins breytist úr íbúðasvæði ÍB2 í miðsvæði. Jafnframt verði skipulagslýsing sem samþykkt var í skipulags- og byggingarráði þann 30.04.2018 dregin til baka.*

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að draga afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs frá 30.4.2018 um samþykkt á lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi til baka. Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða skipulagslýsingu dags. 29.1.2020 og að málsmeðferð verði samkvæmt 1.mgr. 30.gr. skipulagslaga. Ofangreindum samþykktum er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 05. febrúar 2020.

Þegar vinna við tillögu að breytingu á aðalskipulagi hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Skipulagslýsinguna má nálgast hafnarfjordur.is og skulu skriflegar ábendingar berast þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði eða á hafnarfjordur@hafnarfjordur.is eigi síðar en 24.03.2020. Ábendingar skulu merktar „Aðalskipulag - Hraun vestur“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram.

Umhverfis- og skipulagssvið



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

Tilkynningar

Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka næst:

Í matvælagreinum í maí. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

Í byggingagreinum í maí/júní. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

Í prentgreinum í sept/okt. Umsóknarfrestur aulýstur síðar.

Í bíliðngreinum í maí/júní. Umsóknarfrestur er til 10. apríl.

Í hönnunar- og handverksgreinum í maí/júní. Umsóknarfrestur er til 10. apríl.

Í snyrtifræði í sept/okt. Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í vélvirkjun í sept. Umsóknarfrestur er til 1. júlí.

Í hársnyrtiðni í sept/okt. Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í ljósmyndun í sept/okt. Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í málmíðngreinum í maí/júní. Umsóknarfrestur er til 10. apríl.

Dagsetningar prófa verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyris-sjóðsyfirlit og burtfararskrirteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2020.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð - www.idan.is og á skrifstofunni.



IDAN
fræðslusetur

Vatnagörðum 20, 104 Rvk. | sími: 590 6400 | netfang: idan@idan.is

Capacent

Nýtt!

Capacent
flokkun

Sparar tíma og fyrirhöfn!



Alfred



Erum við
að leita að þér?

Miðasala ársmiða hefst á morgun

Miðasala fyrir þá sem keyptu ársmiða á heimaleiki Íslands í undankeppni EM 2020 hefst á morgun í hádeginu. Hver ársmiðakaupandi getur keypt fjóra miða á umspilsleikinn. Mánudur í leik Íslands gegn Rúmeníu og var dúkur lagður yfir völlinn um helgina.

FÓTBOLTI Miðasala hefst á morgun fyrir leik Íslands og Rúmeníu fyrir þá sem keyptu ársmiða á heimaleiki liðsins í undankeppni EM en hver ársmiðakaupandi getur keypt fjóra miða. Forgangur ársmiðakaupenda gildir til föstudagsins 28. febrúar – þá fá haustmiðakaupendur einnig aðgang. Almenn miðasala hefst svo mánudaginn 2. mars í hádeginu.

Svokallaður Evergreen dúkur var settur yfir völlinn um helgina og lagðist því snjór síðustu daga ekki yfir. Áætlað er að kostnaður vegna leiksins sé 64 milljónir hið minnsta en í byrjun mars kemur sérstakur hitadúkur, sem yfirleitt er nefndur pylsan, og verður yfir vellinum ef kalt verður í vedri.

Á blaðamannafundi KSÍ fyrr í febrúar um leikinn kom fram að pylsan væri sterkasta vopn sem væri í vopnabúri KSÍ fyrir leikinn. Laugardalsvöllur var opnaður 1957 og þar er enginn undirhiti undir vellinum og ekkert vökvunarkerfi. Drenið á vellinum er ónýtt og hann er opin.

Aðalmarkmið fyrir leikinn frá nóvember til mars hefur verið að halda vellinum sem mest frostlausum, halda vatni frá vellinum, koma í veg fyrir pollamyndun og að hann breytist í svell. Það er fylgst með snjóalögum, sýkingum og öðrum skemmdum. Þá er fundað vel og oft með veðurfræðingum sem



Það er aðeins rúmur mánudur í leik Íslands og Rúmeníu. Lykilmenn Íslands standa hér yfir aukaspyrnu, Gylfi Þór og Jóhann Berg en sá síðarnefndi er kominn aftur af stað með Burnley eftir meiðsl í læri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Laugardalsvöllur var opnaður 1957 og er enginn undirhiti á vellinum. Ekkert vökvunarkerfi er á vellinum og drenið er ónýtt.

hafa gefið KSÍ upplýsingar vikulega með langtímaspám. Pylsan verður með fleiri hitablásara undir sér og völlurinn gæti tekið vel við sér. Pylsan kemur frá Bretlandi og verða fjórir starfsmenn fyrirtækisins sem á hana með í för. Þá verður hægt að ná bleytunni úr vellinum og minnka rakastig, losna við allt frost úr jarðveginum og ná upp hita.

Á síðasta stjórnarfund KSÍ minntist Klara Bjartmars, framkvæmdastjóri KSÍ, á veitingasölu á landsleikjum en þróttur sér um þá sölu og selur kaldar pitsur og hamborgara, popp og sleikjó sem hefur farið misvel í áhorfendur. Hún segir að rætt hafi verið um hluti sem hægt væri að gera til að auka og bæta þjónustu við áhorfendur.

„Við erum bundin við aðstöðu sem er úrelt og þröng en við höfum séð hvað félögin hafa verið að gera og það hefur verið að virka vel. Þetta er spurning hvað við getum gert og það er hægt að velta upp ýmsum möguleikum.“

benediktboas@frettablad.is



Alvöru atvinnubíll

Dacia Dokker



Til afhendingar strax!

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5 l, 90 hestafla díslvél sem notar einungis 4,5 l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

www.dacia.is

Verð án vsk.

2.250.000 kr.

Verð: 2.790.000 kr. m. vsk.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




ALLT INNIFALIÐ MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



281.750 KR.
214.900 KR.



354.750 KR.
287.900 KR.



529.750 KR.
415.900 KR.



420.750 KR.
353.900 KR.



518.750 KR.
451.900 KR.



410.750 KR.
343.900 KR.



434.750 KR.
367.900 KR.



422.750 KR.
355.900 KR.



338.750 KR.
271.900 KR.



497.750 KR.
430.900 KR.



522.750 KR.
455.900 KR.

ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

**ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?**

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.

*Fri uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Smá aksturs gjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík ☁ -2 2 °C ←	Ísafjörður ☁ -5 12 °C ↙	Akureyri ☁ -1 5 °C ↙
Egilsstaðir ☁ -2 4 °C ↑	Kirkjubæjarkl. ☁ -2 3 °C ↙	Hveravellir ☁ -9 5 °C ↘

Gengur í norðaustan 13-18 á morgun en hægari sunnanlands fram eftir degi. Snjökoma með köflum, en léttir til um um landið sunnanvert. Frost 0 til 8 stig, kaldast inn til landsins.

Miðvikudagur

Reykjavík ☀ -3 4 °C ←	Ísafjörður ☁ -6 11 °C ↙	Akureyri ☁ -4 7 °C ↘
Egilsstaðir ☁ -3 12 °C ↘	Kirkjubæjarkl. ☀ -3 9 °C ↙	Hveravellir ☁ -12 8 °C ↙

Fimmtudagur

Reykjavík ☁ -5 7 °C ←	Ísafjörður ☁ -7 4 °C ←	Akureyri ☁ -12 1 °C ↑
Egilsstaðir ☁ -8 3 °C ↘	Kirkjubæjarkl. ☁ -7 1 °C ↘	Hveravellir ☁ -10 2 °C ↘

LÉTT

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
			5		4	2		
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8		7	4		
1			6	2	4	3		

MIDLUNGS

3	7			8			5	
			5					
	9	1		7	3			
						5		
8	4	3			5			
9	6		7	2			1	
2				9			3	
			8	6			9	2
	5		4				7	

PUNG

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2	5				1			

Krossgáta

LÁRÉTT

- Orðrómur
- Tvennd
- Nóta
- Þráttá
- Sköli
- Kk nafn
- Band
- Kviðinn
- Lemúr
- Vitleysa

LÓÐRÉTT

- Uppdreginn
- Merki
- Traust
- Skrifa
- Púns
- Larfar
- Bekkur
- Skolla
- Íröð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. umtal, 5. par, 6. es, 8. þráttá, 10. mk, 11. örn, 12. stæg, 13. örn, 15. refagil, 17. fitra, 18. örn, 19. þráttá, 20. merk, 3. trú, 4. letra, 7. sangfa, 9. tótr, 12. söfi, 14. ref, 16. pr.

Skák Gunnar Björnsson

Plater átti leik gegn Piechota í Póllandi árið 1956.

- Re7+! Hexe7 2. Bxh7+ Rxh7
- Dxh7+ Kf8 4. Dh8# 1-0.

Batel Goitom Haile sigraði í opnum flokki á barna- og ungl-ingameistaramóti Reykjavíkur sem fram fór á sunnudaginn. Þúnn Helgadóttir sigraði á stúlnameistaramótinu.

www.skak.is: MótX-mótinu lauk í gær.



Hvítur á leik

3	2	8	1	5	9	7	6	4
4	6	5	2	7	3	1	9	8
7	1	9	4	6	8	2	3	5
5	7	1	6	9	4	8	2	3
8	4	6	3	2	5	9	1	7
9	3	2	7	8	1	4	5	6
6	8	3	9	1	7	5	4	2
1	5	4	8	3	2	6	7	9
2	9	7	5	4	6	3	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


Pondus

Eftir Frade Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KEBE Hvíldarstólar

Tegundir: Rest og Fox

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Merkilegur brautryðjandi í íslenskum listvefnaði

Yfirlitssýning á verkum Ásgerðar Búadóttur stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Var sjálfmenntuð í listvefnaði og notaði nánast eingöngu íslenska ull. Hún vísaði mikið í náttúruna og náttúruhughrif í verkum sínum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Lífsfletir er yfirskrift yfirlitssýningar á verkum Ásgerðar Búadóttur (1920-2014) á Kjarvalsstöðum. Sýningarstjóri er Aldís Arnardóttir.

„Sýningin spannar allan feril Ásgerðar og á henni eru rúmlega 50 verk, þau elstu frá því í kringum 1950. Ásgerður fór í klassískt myndlistarnám, var í Handíða- og myndlistaskólanum og fór síðan til Danmerkur í málaraeild við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn. Þegar hún kom heim frá Danmörku tók hún með sér vefstól en hafði ekki lært vefnað, enda var hann ekki kenndur í því námi sem hún stundaði. Ásgerður var sjálfmenntuð í listvefnaði og það var hennar miðill alla tíð,“ segir Aldís.

Visaði í náttúruna

Aldís segir að Ásgerði hafi strax verið mjög vel tekið. „Hún fékk verðlaun fyrir verk sem hún sýndi í München 1956. Það kom henni á kortið og hún fór að sýna hér heima í kjölfarið, fyrsta sýningin var árið 1958 en þá sýndi hún með Benedikt Gunnarssyni. Hún tók þátt í fjölmörgum samsýningum og hélt



Sýningarstjórinn Aldís Arnardóttir en sýningin spannar allan feril Ásgerðar Búadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

einkasýningar, tók meðal annars þátt í norrænum farandsýningum og sýndi seinna með Svavari Guðnassyni í Danmörku.

Sérstaða Ásgerðar í íslenskri myndlistarsögu er sú að hún er brautryðjandi á sviði listvefnaðar á

Íslandi. Í byrjun gerði hún figúratíf verk en fór fljótlega að fíkra sig yfir í að gera óhlutbundin verk. Hún vísaði mikið í náttúruna og náttúruhughrif, sérstaklega á áttunda áratugnum. Verkin fengu titil eins og Kröfluminni og Sól ræður sumri.

Aukin þrívíddaráhrif

Aldís segir að í verkum sínum hafi Ásgerður notað nánast eingöngu íslenska ull og fáa líti. „Í elstu verkunum var hún með lítað band en notaði síðan aðallega í saudalíti. Á sjöunda áratugnum fór hún að lita



Á sýningunni eru rúmlega 50 verk.

HÚN FÉKK VERÐLAUN FYRIR VERK SEM HÚN SÝNDI Í MÜNCHEN 1956. ÞAÐ KOM HENNI Á KORTIÐ OG HÚN FÓR AÐ SÝNA HÉR HEIMA Í KJÓLFARIÐ.

ullarbandið sjálf og þá notaði hún kaktuslús, indigo-lit og jurталit og fékk með því bláa líti, rauða og appelsínugula.

Það sem einkennir líka verk Ásgerðar er að hún notaði oft hrosshár í verkin og þannig nær hún fram lífi í vefinn. Hún gerði einnig röggvateppi (rya) í þessum sama tilgangi, þráðurinn liggur laus á yfirborðinu og með því nást fram aukin þrívíddaráhrif og lyftir upp vefnaðinum.“

Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

25. FEBRÚAR 2019

Hvað? Leiðsögn
Hvenær? 12.00
Hvar? Bogasalur Þjóðminjasafnsins Hrönn Konráðsdóttir og Hildur Gestsdóttir halda kynningu.

Hvað? Listhugleiðsla
Hvenær? 12.10.-12.50
Hvar? Listasafni Einars Jónssonar Umsjón hefur Halla Margrét Jóhannesdóttir.

Hvað? Hádegistónleikar
Hvenær? 12:15-12:45
Hvar? Hafnarfjarðarkirkja Guðmundur Sigurðsson, organisti Hafnarfjarðarkirkju, leikur á bæði orgel kirkjunnar.

Hvað? Kabarett og tangó í Tíbrá
Hvenær? 19.30
Hvar? Tíbrá Guja Sandholt, mezzósópran, Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir á fiðlu og Eva Þyri Hilmarsdóttir pianó flytja verk eftir Benjamin Britten og Kurt Weill. Tónleikakynning verður fyrir tónleikana kl. 18.30 í umsjón Friðriks Margrétar- Guðmundssonar.

Hvað? „Láttu hlátur lyfta brá“ - Kvæðakvöld Iðunnar
Hvenær? 20.00 – 22.30
Hvar? Sólon, Bankastræti 7a, 101 Reykjavík

Hvað? Milonga Tangófélagssins
Hvenær? 20.30
Hvar? Iðnó, Vonarstræti 3 Hljómsveitin Brasilískt! leikur.



Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...
STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa. Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.



Brostu 40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM CHEESY CRUST PIZZUM ALLA ÞRIÐJUDAGA

Cheesy CRUST

PANTAÐU Á WWW.PIZZAHUT.IS OG NOTAÐU AFSLÁTTAR-KÓÐANN **OSTUR** ÞEGAR ÞÚ KLÁRAR PÖNTUNINA

LAGERSALA SÍÐUSTU EINTÖKIN 50% AFSLÁTTUR

Verðdæmi

50%

ISABELLA - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR

FULLT VERÐ 47.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 41.790 KR

FULLT VERÐ 83.580 KR

50%

DAISY - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR

FULLT VERÐ 37.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 36.790 KR

FULLT VERÐ 73.580 KR

50%

POPPY - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 15.290 KR

FULLT VERÐ 31.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 33.790 KR

FULLT VERÐ 67.580 KR

50%

GRACE - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 16.420 KR

FULLT VERÐ 32.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 34.290 KR

FULLT VERÐ 68.580 KR



Aldrei meira úrval af
öskudagsbúningum



Finndu okkur á



PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is

h



Fylgstu með!



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA

Föstudaginn 28. febrúar gefur Fréttablaðið, í samstarfi við Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, út sérblað um Samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími: 550-5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Þegar Pétur Óskar setur upp hattinn er líklegt að hörkutólið mjúka Oscar Leone birtist. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tónlistarkúreki á jurtaseyðandi trippi

Pétur Óskar Sigurðsson er hvorki einhamur í listinni né lífinu og eftir að hafa jurtaseyði sopið varð Oscar Leone til í vitund hans. Tilfinningaríkt söngvaskáld með harðan skráp frá Clint Eastwood.

Pétur Óskar Sigurðsson er hvorki við eina fjölna felldur í listinni né lífinu, eða huganum öllu heldur, þar sem margar raddir óma og ólíkar persónur takast á í litrófi hins görótta jurtaseyðis ayahuasca frá Suður-Ameríku.

Þessa dagana leikur Pétur Óskar tveimur skjöldum, annars vegar sem tónlistarmaðurinn Oscar Leone og er síðan sjálfur á fullu við leikæfingar í Tjarnarbíói.

„Það er svolítið brjáláð að gera hjá mér núna og það er alveg eitthvert erfitt tripp í gangi. Tár og eitthvað kjafæði sem minnti mig á af hverju ég er að þessu,“ segir Pétur Óskar um endurkomu Oscars Leone sem rauf nokkurra mánaða þögn á Valentínusardaginn með laginu Take the Seasons á Spotify og YouTube.

Mjúkur Eastwood

„Þetta er ástarlag, samið um gamla kærustu og viðskilnað okkar,“ segir Pétur og bætir við að ekki sé allt sem sýnist þótt Oscar Leone beri sig svolítið eins og kúrekatöfari í anda Clints Eastwood. „Ég ákvað hann ekki. Hann kom sjálfur og er bara sjálfstæð eining og ég held að ég sé miklu frekar að tjá mig með honum frekar en að fela mig bak við hann.“

Oscar Leone er náttúrlega ég en líka ákveðin týpa, nettur en samt leyndardómsfullur líka. Hann er í mótun en að þróast í þessa átt og er alltaf með hatt. Hann er líka svona Clint Eastwood-týpa skilurðu? En lögin eru ekkert hörð sko,“ segir Pétur og bætir við að í lögunum

EG HEF VERIÐ Á
KROSSGÖTUM ÞAR
SEM ÉG ÞURFTI AÐ VELJA OG ÞÁ
VALDI ÉG ALLTAF ÁSTINA.

megi jafnvel greina kvenlega mýkt.

„Ég held að ég sé settur saman úr mörgum persónuleikum og hann slapp aðeins út úr búrinu þegar Superstar kom út í fyrra,“ segir Pétur um fyrsta lagið sem hann sendi frá sér sem Oscar Leone við ágætis undirtektir.

Sækadelið tripp

Þegar Pétur er spurður hvort tónlist Oscars Leone sé kántrý segir hann að þrátt fyrir hattinn sé erfitt að skilgreina hana. „Ég held líka að það sé litill David Bowie eða Freddie Mercury inni í mér að reyna að komast út. Ég held þetta sé byrjunin á einhverju svoleiðis rugli. Þá ekki endilega þeirri tónlist en samt einhverri þannig vitund.“

Vitund? Ertu þá á krónísku nýaldarsýrutrippi eða hvað?

„Já, það má eiginlega segja það,“ segir Pétur og byrjar síðan að því er virðist að tala tungum: „Þetta er einhver blanda af coyote sækadelið ayahuasca-trippi og akkúrat núna er ég að fatta að það er mjög mikið

tripp að vera bara í þessu lífi. Hérna. Núna. Það er besta trippið.“

Höfuðlausn

Hvað er eiginlega þetta ayahuasca? Er þetta eitthvert sveppaseyði?

„Já, þetta er bara svona sækadelið. Þetta er svona frá guðunum sko, frá Perú í Amazon og þar. Þetta tekur mann út úr hausnum á sér. Af því að við erum alltaf svo föst í hausnum og þetta fer um líkamann og hreinsar líka upp gömul særindi.“

Þannig að þetta byggir á gömlum grunni og sterkri hefð?

„Já, mikið til. Þetta nær langt aftur í aldir sko og maður gerir þetta bara með shamönnum,“ segir Pétur og vísar til handleiðslu andalækna sem þykja kunna að fara með seyðið, sem inniheldur efni sem eru ólögleg á Íslandi.


„Maður er berskjaldaður og ég er alltaf jafn þakklátur þegar ég kem aftur til sjálfs mín en stundum finnst mér ég vera verkfæri sem guðirnir tala í gegnum. Þetta hljómar eins og ég sé alger geðsjúklingur en það er eitthvað svoleiðis í gangi hjá mér.“

En það er engin hættu á að þessar raddir fari að segja þér að drepa fólk eins og í bíómyndunum?

„Nei, þetta eru góðar raddir. Ég hef verið á krossgötum þar sem ég þurfti að velja og þá valdi ég alltaf ástina. Við erum öll gerð úr því sama og hugsum öll myrkar hugsanir og efumst um sjálf okkur. Við verðum að sættast við það,“ segir Pétur Óskar sem er stundum Oscar Leone. toti@frettabladid.is

THULE[®]
SWEDEN

Skíða- og snjóbrettabogar



 **Stilling**
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar



Farið úr þjötum með öllum

Nýafstaðin tiskubylgja, sem fólst í því að láta vísindin kortleggja persónuleikann og birta svo niðurstöðurnar fyrir alþjóð, var athyglisverð. Hún tók þó bráðan endi þegar Persónuvernd brýndi fyrir fólki að bregða þjötum fyrir nekt persónuleikans. Engu að síður skil ég þá fróun sem hlýtur að fylgja því að segja sissvona: hér sjáið þið djásnið mitt, ef til eru andlegir baunateljarar sem geta gert sér mat úr þessu þá verði þeim að góðu.

Það sem gerir þetta enn skemmtilegra, er að nú er nýafstaðin karnivalhátíð hér á Spáni. Þar er gert út á gjörólíkt gaman. Þar er farið í dulargervi og skemmt sér við þá fró sem fylgir því að gangast ekki við sjálfum sér. Vera utan við sjálfíð en Forn-Grikkir kölluðu slíkt ástand ekstasis sem samkvæmt orðanna hljóðan hlýtur að vera fjör.

Já, maðurinn skemmtir sér jafnt við dulbúning sem nektar-nautn. En þá er líka komið að mínu innleggi í þessa umræðu: mannveran er slík óreiða af andstæðum að einu vísindin sem gætu einhverju ljósi varpað á hana væru einhvers konar veðurfræði fyrir lengra komna. Það er nefnilega engin leið að segja í mannheimum hvort það sé gamansemi eða gremja austur af Glettingi. Mannveran er það sem hún segist vera en þó miklu frekar það sem hún segist ekki vera og samt er engin andstæða í því fölgín. Hún er eilíft karnival, þar sem ekkert er eins og það á að vera en einmitt þannig á það að vera.

Svo segist Kári geta kortlagt þessi ósköp.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FRELSAÐU
ANDANN



SMINT
SYKURLAUST

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

GÆÐARÚM á fermingartilboði



20.000 KR. AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM



DELUXE

Hágæða 7 svæðaskipt heilsudýna. Styður rétt við líkamann. Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm
Verð áður kr. 77.900 **NÚ AÐEINS KR. 57.900**

120x200 cm
Verð áður kr. 89.900 **NÚ AÐEINS KR. 69.900**

★ Ath. fleiri stærðir í boði.



VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna. Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm
Verð áður kr. 77.900 **NÚ AÐEINS KR. 57.900**

120x200 cm
Verð áður kr. 89.900 **NÚ AÐEINS KR. 69.900**

★ Ath. fleiri stærðir í boði.



SAGA/FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur. Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrun.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm
Verð áður kr. 99.900 **NÚ AÐEINS KR. 79.900**

120x200 cm
Verð áður kr. 119.900 **NÚ AÐEINS KR. 99.900**

★ Ath. fleiri stærðir í boði.

25% AFSLÁTTUR AF MJÚKVÖRU

HVÍLDARSTÓLL MEÐ LYFTU

Með rafstillingu. Leður á slitflötum. Til í svörtu, gráu og brúnu.

Verð kr. **119.900.-**



STILLANLEG RÚM Í ÚRVALI



Mikið úrval af hvíldarstólum
Verð frá kr. 84.900.-

HVÍLDARSÓFI

Rafstílltur 3ja sæta sófi. Leður á slitflötum. Til í svörtu, gráu og brúnu.

Verð kr. **219.900.-**



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16 | svefnogheilsa.is

UMBODSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir

